

# MOSFELLINGUR

9. TBL. 23. ÁRG. FIMMTUDAGUR 19. SEPTEMBER 2024 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

Þóra Sigurþórsdóttir leirlistakona • Hefur starfað við áhugamál sitt í 35 ár

## BÆJARLISTAMAÐUR MOSFELLSBÆJAR 2024



ÞÓRA Á VINNSTOFU SINNI  
Á HVIRFLI Í MOSFELLSDAL

Mymd/RaggiÓla

### EIGN VIKUNNAR

[www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)



### Hrafnshöfði 4 - raðhús

Mjög fallegt og mikið endurnýjað 175,1 m<sup>2</sup> raðhús með innbyggðum bílskúr í litlum botnlanga. Timburverandir fyrir framan og aftan hús með heitum potti. Vinsæl staðsetning, stutt í Lágafellsskóla, leikskólann Hulduberg og Lágafellslaug. **V. 146 m.**



**Fasteignasala  
Mosfellsbæjar**



FYLGSTU  
MEÐ OKKUR  
á Facebook

Kjarna • Pverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080  
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • [www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)



PÚ FÆRÐ KÖKU FYRIR ÞITT TÍLEFNI  
HJÁ OKKUR!

MOSFELLSBÆR.IS

NÁHOLT 13-15

HÁALETTISRÁUÐ 68-60



FESTU NIÐUR TRAMPÓLÍNIÐ!

MEÐ TRAMPÓLÍNSKRÚFUM  
Frá REDDER

Einfalt að setja niður og fara örugg  
inn í sumarið



Hyrjahöfða 2  
Sími 558 0888  
[www.redder.is](http://www.redder.is)

RÉTTINGAVERKSTÆÐI  
**Jóns B. ehf**

Flugumýri 2, Mosfellsbær  
Símar: 566 7660 og 697 7685 [jonrett@internet.is](mailto:jonrett@internet.is)  
[WWW.JONB.IS](http://WWW.JONB.IS)



CAB  
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI  
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR



# MOSFELLINGUR

www.mosfellingur.is - mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. Upplag: 5.000 eintök. Dreifing: Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófkörk: Ingibjörg Valsdóttir

ISSN 2547-8265

Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út mánaðarlega.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 24. OKTÓBER

## Kærleikur að vopni

Það er kominn tími til að við stígum upp sem samfélag og horfumst í auga við þann vanda sem við stöndum frammi fyrir. Vopnaburður, ofbeldi, einelti og vanlíðan ungs fólks er ekki eitthvað sem á að teljast eðlilegt.



Margt hefur gengið í þjóðfélaginu að undanförunu sem vert er að taka alvarlega. Vonandi er ákveðin vitundarvakning hafin.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings

Það voru margir með ónota-tilfinningu á bæjarhátíðinni okkar þegar við fréttum af andláti Bryndísar Klöru og hugsanlegum hefndaráformum í Mosó þá helgi. Þá hafa málefni úr skólum bæjarins ratað á miðla síðustu daga þar sem börnum líður augljóslega ekki vel.

Samtalið hefst við matarborðið Sheima, við þurfum að njóta meiri tíma með börnunum okkar og líta sjálf í eigin barm og upp úr símunum. Við höldum kannski að við séum að gera okkar besta en getum eflaust öll gert betur. Samvera og kærleikur er öflug forvörn.



# ÍSUGL

www.isfugl.is



## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...

### BRÚARLAND 1922-1929

Einstök ljósmynd og sú eina sem undirritaður hefur séð frá þessu tímabili (1922-1929) af Brúarlandi og mannfagnaði þar. Jarðhæð hússins (kjallarinn) var byggð árið 1922 og kennsla hófst í desember sama ár. Húsið var fullbyggt árið 1929.

Ljósmyndin er varðveitt á Minjasafninu á Akureyri og eftirfarandi texti fylgir: Myndin er tekið við Varmá í Mosfellssveit. Nafn ljósmyndara ekki þekkt né við hvaða tækifæri hún er tekin.



Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

### HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamin falinn í blaðinu?

## Hringdu

skólanet Hringdu

hraðasta internetið

ótakmarkað gagnamagn

langbesta verðið

fyrir námsmenn



# Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór  
Einarsson  
Lögg. fasteignasali



Sigurður  
Gunnarsson  
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil  
Karlsson  
Lögg. fasteignasali



Steingrímur  
Benediktsson  
Lögg. fasteignasali



## FOSSATUNGA 1-15

Ný og vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr við Fossatungu í Mosfellsbæ. Mjög stórar svalir með fallegu útsýni. Húsin afhendast fullbúin að innan með grófjafnaðri lóð, en þó er búið að helluleggja fyrir framan inngang.

V. 129,9 m.



## LEIRVOGSTUNGA 33

Mjög fallett og vel skipulagt 321,8 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr ásamt auka íbúð á neðri hæð. Stór bakgarður í suður- og vesturátt. Glæsilegt útsýni er frá efri og neðri hæð hússins.

V. 220,0 m.



## ÞVERHOLT 7

101,8 m<sup>2</sup> verslunarhúsnæði á jarðhæð. Eignin er skráð 101,8 m<sup>2</sup> og skiptist í forstofu, sal/verslun, eldhús, baðherbergi og tvö herbergi. Tveir sérinngangar sem býður upp á möguleika á að skipta eigninni upp. Frábær staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ.

V. 54,9 m.



## UGLUGATA 29

Mjög fallett og vel skipulagt 158,5 m<sup>2</sup> parhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Fallegar innréttingar og gólfefni. Vönduð tæki. Mikil lofthæð með innbyggðri lýsingu sem gerir eignina bjarta og skemmtilega.

V. 129,9 m.



## LITLIKRIKI 19

Glæsilegt 300,4 m<sup>2</sup> einbýlishús á pöllum með innbyggðum bílskúr. Fallegar sérsníðaðar innréttingar og vönduð tæki. Mikil lofthæð með hljóðdempanði plötum. Stórt hellulagt bílplan. Fallegur garður með timburverönd í suðurátt með heitum potti.

V. 189,0 m.



## SELJADALSVEGUR 12

Nýtt og glæsilegt 124,1 m<sup>2</sup> heilsárhús/sumarhús í útjaðri byggðar rétt við Hafvatn. Frábær staðsetning, ca 10-15 mín akstur frá höfuðborgarsvæðinu. Stórir gólfíðir gluggar í allar áttir þar sem útsýnið fær að njóta sín.

V. 129,9 m.



## LAXATUNGA 77

Vel skipulagt parhús á einni hæð ásamt innbyggðum bílskúr. Birt stærð eignar er 204,0 m<sup>2</sup>, þar af er íbúðarhluti 171,5 m<sup>2</sup> og bílskúr 32,5 m<sup>2</sup>. Gólfhiti, mikil lofthæð og innfeld lýsing sem gerir eignina bjarta og skemmtilega.

V. 123,0 m.



## STÓRITEIGUR 6

Fallett og mikið endurnýjað 167,0 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Timburverönd með heitum potti og afgirtur bakgarður í suðurátt. Hellulagt bílplan. Góð staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ.

V. 121,9 m.



## VEFARASTRÆTI 34

Falleg og vel skipulögð 113,2 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í lyftuhúsi ásamt staði í bílageymslu. Svalir í suðvesturátt með fallegu útsýni. Nýtt parket er á gólfum. Ný innrétting í þvottahúsi og nýir fataskápar.

V. 87,9 m.



## LITLIKRIKI 76

Falleg og vel skipulögð 104,4 m<sup>2</sup>, 3ra herbergja íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi, ásamt bílastæði í bílageymslu. Stórar svalir í suðurátt með fallegu útsýni. Leiguverð er 340.000 kr á mánuði, innifalið er hiti og hússjóður.

V. 340 þ. á mánuði.



## BJARTAHLÍÐ 9

Björt og vel skipulögð 159 m<sup>2</sup>, 5 herbergja endaíbúð með mjög fallegu útsýni á þriðju og efstu hæð, með bílskúr, við Björtuhlíð 9 í Mosfellsbæ. Mikil lofthæð og gluggar til þriggja átta gera íbúðina bjarta og fallega.

V. 91,9 m.



## LAXATUNGA 143

Glæsilegt 224,6 m<sup>2</sup>, 5 herbergja einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Frábær staðsetning, glæsilegt útsýni og vandaðar innréttingar frá Axis. Steypur verandir með heitum og köldum potti.

V. 159,9 m.



## KVÍSLARTUNGA 70

Fallett og vel skipulagt 214,7 m<sup>2</sup>, 6 herbergja parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og auka íbúð. Mikil lofthæð, stórir gluggar og innbyggð lýsing. Hellulögð verönd og bakgarður í suðausturátt með heitum potti.

V. 134,9 m.




## ÞRASTARHÖFÐI 7

Falleg og vel skipulögð 127,4 m<sup>2</sup> fjögurra herbergja íbúð með sérinngangi á jarðhæð. Stór timburverönd í suðurátt. Athugið að seljandi skoðar einungis skipti á ódýrari eign með þremur svefnherbergjum í nálægð við Lágafellsskóla

V. 99,5 m.





## Minningartónleikar um Jón (Lilla) Jónsson

Minningar- og styrktartónleikar Jóns Jónssonar (Lilla) verða haldnir í Hlégarði miðvikudaginn 25. september. Fram koma: Björn Jörundur og Daníel Ágúst í Nýdönsk, vinir Jóns, þeir Bjarni og Bjóssi úr Mínum, Kristófer Jensonn í Lights on the highway, Gústi Linn, Nicky Iversen og Dóri DNA auk Vocal Project og Karla Kórs Kjálnessinga. Miðaverð 5.000 kr. eða frjáls framlög. Húsið opnar kl. 19:00 þar sem fólk getur komið saman og minnst Jóns/Lilla yfir fiskisúpu og drykkjum. Tónleikarnir hefast kl. 20. Jón Jónsson eða Lilli eins og hann var oft kallaður var dáðadrengur mikill, vinamargur og snerti líf samferðafólks síns með góðmennsku sinni og gleði. Hann lést þann 2. ágúst eftir stutta og harða baráttu við krabbamein aðeins 42 ára gamall. Jón bjó undanfarin ár í Danmörku ásamt fjölskyldu sinni en hann létur eftir sig eiginkonu og fjögur börn á aldrinum 1-13 ára, en þau hyggjast flytja frá Danmörku á heimaslóðir hans í Mosfellsbæ, nú í september.



## Bleika hverfið það best skreytta í ár

Mosfellingar eru duglegir að skreyta hús og hýbílí sín á bæjarhátíðinni í túninu heima en bænum er skipt upp í fjóra líti. Úrslit skreytingakeppninnar voru tilkynnt á stórtónleikunum á Miðbæjartorginu. Menningar- og lýðræðisnefnd Mosfellsbæjar sat í dómnefnd og fór vítt og breitt.

**Best skreytta gatan:** Reykjamelur 9-19 (alveg frábærlega útfært og mikið heimasníð)

**Best skreytta húsið:** Blíkahöfði 1-3 (óll blokkin mjög samtaka)

**Best skreytta hverfið:** Bleika hverfið (mesta þátttakan)

Opinn fundur haldinn í Hlégarði á þriðjudaginn • Það þarf heilt þorp til að ala upp barn

# FJÖLMENNT Á FORELDRAFUNDI

Opinn fundur með foreldrum og forsjáðilum elstu bekkja grunnskóla var haldinn á þriðjudaginn. Fundurinn var mjög vel sóttur en hátt í 300 foreldrar fylltu Hlégarð.

Mosfellsbær boðaði til fundarins með foreldrum í Mosfellsbæ, starfsfólki Fræðslu- og frístundasviðs og Velferðarsviðs ásamt Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og öðrum góðum gestum.

Erindi á dagskrá voru m.a. frá Kára Sigurðssyni frá Flotanum, samfélagslögglunum Elísabetu og Alexander og Guðrúnu Helgadóttur frá Bólinu. Regína Ásvaldsdóttir tók á móti gestum og Ólafía Dögg stýrði umræðum.

„Heilmikill efniviður safnaðist saman eftir þennan fund sem hægt verður að nýta í aðgerðaáætlun bæjarins í fyrirbyggjandi starfi með börnum og ungmennum. Við erum þakklát fyrir frábæra mætingu og umræðu,“ sagði Regína bæjarstjóri að loknum fundi.



FÉLAGSHEIMILIÐ VAR ÞÉTT SETIÐ

Ný þjónustu- og aðkomubygging íþróttamiðstöðvarinnar • Ítarleg þarfagreining

# Leita samstarfsaðila að Varmá

Mosfellsbær auglýsir eftir samstarfsaðilum að nýrri þjónustu- og aðkomubyggingu íþróttamiðstöðvarinnar að Varmá í Mosfellingi í dag.

Að sögn Regínu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra óskar bærinn eftir hugmyndum að rekstri sem fellur vel að starfsemi að Varmá og samstarfsaðila um uppbygginguna.

## Starfsemin samræmist stefnu bæjarins

Síðastliðinn vetur var farið í mjög ítarlega þarfagreiningu fyrir nýja þjónustu- og aðkomubyggingu þar sem leitað var til bæjarbúa, iðkenda hjá Aftureldingu, foreldra og annarra hagsmunaaðila.

Þegar helstu áherslurnar voru rýndar með tilliti til þess hvað gæti verið í þjónustubyggingunni og hvað í fyrirliggjandi stúku þá er þörf Mosfellsbæjar og Aftureldingar um 1.600 fermetrar. Hinsvegar getur heildarstærð byggingarinnar orðið allt að 3.000 fermetrar og því var talið mikilvægt að kanna áhuga aðila á markaði, félagasamtaka og annarra um samstarf við uppbyggingu og rekstur.

„Þetta getur verið rými fyrir heilsutengda starfsemi s.s. sjúkraþjálfun, sálfræðistofur, lækna eða hvaðeina sem tengist heilsu og heilbrigði. Þá er líka möguleiki á að vera með skrifstofur eða aðra starfsemi. Mikilvægast er að starfsemin samræmist forvarnar- og lýðheilsustefnu bæjarins,“ segir Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.

„Íþróttahúsið er mest notað seinnipart



Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri



TÖLVUGERÐ MYND AF VARMÁRSVÆÐINU

dagsins og það er eiginlega synd að nýta ekki svona flott rými fyrir part dagsins,“ segir hún jafnframt.

## Könnun Mosfellsbæjar

Í auglýsingunni er óskað eftir því að áhugasamir aðilar leggi fram hugmynd að útfærslu verksins, framkvæmd, umfangi þess og ákjósanlegu eignarhaldi að framkvæmdum loknum.

Þá kemur fram að ekki sé verið að óska eftir þátttöku í útboði, heldur er eingöngu

um að ræða könnun Mosfellsbæjar á mögulegum áhuga markaðsaðila á því að taka þátt í umræddri uppbyggingu og þá með hvaða hætti.

Loks er bent á að þátttaka í þessari könnun er ekki forsenda þess að taka þátt í innkaupaferli eða útboði sem mögulega tekur við í framhaldinu.

➤ Allar nánari upplýsingar má finna á [mos.is/markadskonnun](http://mos.is/markadskonnun)

## KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

### Sunnudagur 22. september

Kl. 11: Innsetningarmessa prestanna í Lágafellskirkju. Sr. Hans Guðberg Alfreðsson prófastur Kjálarnesprófastsdæmis setur alla þrjá presta safnaðarins inn í embætti. Kirkjukór Lágafellssóknar syngur. Organisti er Árni Heiðar Karlsson. Messukaffi í safnaðarheimilinu Þverholti 3 eftir messu. Kl. 13: Sunnudagaskóli í Lágafellskirkju.

### Sunnudagur 29. september

Kl. 13: Bangsa- og dúkku sunnó í Lágafellskirkju. Kl. 20: Taizé messa í Lágafellskirkju.

### Sunnudagur 6. október

Kl. 13: Vasaljósasunnó í Lágafellskirkju. Kl. 20: Bleik messa í Lágafellskirkju. Sr. Guðlaug Helga Þjónar. Mosfellingurinn Ragnhildur Ösp Sigurðardóttir flytur hugvekju. Tónlist: Árni Heiðar organisti og Hera Björk söngkona.

### Sunnudagur 13. október

Kl. 11: Blessunarguðsþjónusta skírmarbarna í Lágafellskirkju. Kl. 13: Bíó & popp sunnó í Lágafellskirkju.

### Sunnudagur 20. október

Kl. 13: Náttfata- og búninga sunnó í

Lágafellskirkju. Kl. 20: Taizé messa í Lágafellskirkju.

### Kyrrðardagur að morgni

Laugardaginn 21. september kl. 9-11 í Lágafellskirkju.

### Alþjóðlegt kaffi

Opið hús sunnudaginn 6. október kl. 13-15 í safnaðarheimili Lágafellssóknar, fyrir fólk af erlendum uppruna.

**Gaman saman** - samverur eldri borgara í safnaðarheimilinu (*sjá auglýsingu*). Hefst 19. september kl. 14-16.



# TVÆR GOÐSAGNIR

**4xe**  
PLUG-IN HYBRID



## JEEP® GRAND CHEROKEE SUMMIT RESERVE GOÐSÖGNIN ENDURFÆÐIST SEM PLUG-IN HYBRID

Verðlaunaðasti jeppi sögunnar er nú fáanlegur í fyrsta skipti í Plug-in Hybrid útfærslu hlaðinn lúxusstaðalbúnaði og með enn meira farangursrymi sem rúmar nú auðveldlega fjögur golfset auk farangurs. Glæsilegt nýtt útlit og einstök þægindi fyrir kröfuharða kaupendur sem þekkja gæði og vandaðan frágang.

VERÐ MEÐ ÖLLUM BÚNAÐI  
16.990.000 KR.  
ATH. EKKI VERÐ FRÁ.



## JEEP® WRANGLER RUBICON GOÐSÖGNIN TEKUR NÆSTA SKREF

Ný útgáfa af hinum eina sanna Wrangler. Nýr framendi með nýju grilli, nýtt mælaborð með 12" upp- lýsinga- og snertiskjá, rafdrifin framsæti, ný hönnun á sætum, fljótandi afturöxull, nýtt útlit á felgum og app sem forhitar, kannar stöðu á rafhlöðu, eldsneyti og staðsetningu, opnar og læsir og margt fleira.

VERÐ MEÐ ÖLLUM BÚNAÐI  
13.990.000 KR.  
ATH. EKKI VERÐ FRÁ.

**35", 37" og 40" breytingarpakkar í boði.**

Breytingaverkstæði ÍSBAND sérhæfir sig í breytingum á Jeep. 5 ára ábyrgð er á öllum bílunum og 8 ára ábyrgð á rafhlöðu.

**ISBAND**

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS • JEEP.IS  
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

**Jeep**





## Jysk og Bónus tryggja sér pláss í Korputúni

Vegagerð er hafin í nýju atvinnu- hverfi sem mun rísa við Vesturlandsveg á mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Svæðið tilheyrir Blikastaðalandi í Mosfellsbæ þar sem fyrirhuguð er umfangsmikil uppbygging nýs íbúðahverfis. Reitir fasteignafélag er eigandi þróunarsvæðisins og fer fyrir uppbyggingunni. JYSK hefur undirritað viljayfirlýsingu við Reiti um kaup á lóðum á svæðinu og Bónus hefur undirritað viljayfirlýsingu um nýtt verslunarhúsnæði í hverfinu. Korputún er skipulagt út frá þörfum fólks og náttúrunnar en ekki síður út frá hefðbundnum þáttum, þar á meðal aðgengi, vöruflutningum og sýnileika. Samgönguás Borgarlínu mun liggja í gegnum skipulags- svæðið með Borgarlínustöð við verslunarkjarna svæðisins.



## Sveitaball í félagsheimilinu 12. október

Laugardagskvöldið 12. október verður haldið sveitaball í félagsheimilinu Hlégarði. Hljómsveitirnar Skítamóráll og Á móti sól leiða saman hesta sína og spila frá kl. 22 til 02. Sveitirnar hafa tekið þátt í svokölluðum aldamótatónleikum þar sem gestir hverfa aftur til síðustu aldamóta og upplífa skemmtilega nostalgíu. Nú verður leikurinn endurtekinn frá því í vor þegar þessar hljómsveitir stútfylltu Hlégarð við sama tilefni. Miðasala er hafin á sveitaballið og opnar húsið kl. 21:00 um kvöldið.



## Skvísan í skúrnum býður á sýningu

Skvísan í skúrnum heldur myndlistarsýningu í Litlakrika laugardaginn 5. október. Elín Þóra Eiríksdóttir er 68 ára Mosfellingur sem hefur haft gaman af því að taka ljósmyndir frá því hún var stelpa. Myndefnið og verkin hennar eru af ýmsum toga, bara eins og veðrið á Íslandi. Sem sagt fjölbreytileikinn í fyrirrúmi. Elínu langar að bjóða Mosfellingum sem hafa áhuga og tök á, að kíkja í skúrinn og skoða ljósmyndir og verkin hennar. Opnið verður laugardaginn 5. október, kl. 13-17 að Litlakrika 2 (gengið inn að neðanverðu).

Ólína, Folda og Sigurbjörg hafa opnað skemmtilega verslun • Alltaf heitt á könnunni

# Sameina krafta sína á Mosótorgi í miðbæ Mosfellsbæjar

MosóTorg er gjafa-, hönnunar- og hannyrðaverslun sem opnuð hefur verið að Háholti 14.

Þar sameina krafta sína þær Sigurbjörg Kristbjörnsdóttir sem rekur hannyrðaverslunina Sigurbjörgu og Slikkeri.is, Ólína Kristín Margeirsdóttir sem er með Instaprent ásamt því að reka ljósmyndastofuna Myndó og Ísfold Kristjánsdóttir (Folda) með fyrirtæki Foldabassa.art.

„Sagan á bak við þetta samstarf okkar er að við vorum allar að reka okkar fyrirtæki í Þverholti, við vorum í miklum samskiptum og þegar við fréttum að þetta húsnæði hér í Háholtinu alveg við Miðbæjartorgið okkar væri laust þá ákváðum við að stökva til og sameina krafta okkar,“ segir Folda og bætir við að alltaf sé að bætast í vöruvalið hjá þeim þar sem bæði bjóði þær litlum fyrirtækjum að leigja hillupláss og taki inn nýjar vörur frá fjölbreyttum sölu- aðilum.

### Fjölbreytt vöruval í heimabyggð

Sigurbjörg opnaði sína þrjóna- og hannyrðabúð fyrir tveimur árum og er ánægð með viðtökurnar hjá Mosfellingum. Einnig rekur hún Slikkeri.is þar sem hægt er að fá allt hráefni, búnað og umbúðir til brjóstsykursgerðar.

Ólína rekur ljósmyndstofuna Myndó en ljósmyndastúdíóið verður áfram til húsa í Þverholtinu. Hún hefur verið með netverslunina Instaprent síðastliðin 11 ár þar sem hægt er að fá fjölbreytt úrval af persónulegum sérhönnuðum gjafavörum. Með opnun MosóTorgs eru vörur hennar aðgengilegri fyrir viðskiptavinum.

Foldabassa hefur sérhæft sig í heimsíðum og markaðsefni fyrir minni fyrirtæki auk þess að hanna og framleiða ýmislegt fyrir við- burði, s.s. boðskort, gestbækur og fleira.

„Við í raun reukum allar okkar fyrirtæki en sameinumst hér á Mosótorgi, þetta gefur okkur óendanlega möguleika á að stækka, vaxa og dafna. Við erum opnar fyrir því að fá fleiri með okkur í lið og viljum efla verslun í heimabyggð og auðvelda Mosfellingum aðgengi að góðu vöruúrvali,“ segir Sigurbjörg.

### Notalegt andrúmsloft

„Við erum með fullt af hugmyndum varðandi það að MosóTorg verði eins konar miðstöð Mosfellinga. Okkur langar að upplifun



STÖLLURNAR FYRIR UTAN NYJA VERSLUN

viðskiptavinarins sé jákvæð og skemmtileg, við viljum hafa hérna notalega kaffihúsastemningu. Við erum alltaf með heitt á könnunni og viljum að fólk gefi sér tíma í að skoða vel torgið okkar og setjast niður í rólegheitum og þiggja veitingar.

Við erum með frábæra aðstöðu til að halda hérna námskeið og eru nú þegar margar hugmyndir í gangi. Við bjóðum líka upp á að taka á móti hópum, hvort sem það er á opnunartíma eða utan. Við leggjum vel við hlustir hver þörfin er og reynum eftir bestu getu að uppfylla óskir markaðarinnar,“ segir Ólína að lokum en bætir við að allar upplýsingar megi finna á mosotorg.is og á helstu samfélags- miðlum undir MosóTorg.



Viðurkenningar fyrir tré ársins, íbúaaðtak ársins og garð ársins • Umhverfisnefnd velur

# Umhverfisviðurkenningar veittar

Umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar voru veittar á sérstakri hátíðardagskrá í Hlégarði á bæjarhátíðinni.

Umhverfisnefnd sá um valið en veittar voru viðurkenningar fyrir tré ársins, íbúaa- átak ársins og garð ársins.

### Tré ársins við Byggðarholt 33

Garðahlynur við Byggðarholt 33. Einstaklega fallegt einstofna tré með stórrí krónu í einkagarði. Það að finna svona stóran og veglegan hlyn í einkagarði í Mosfellsbæ er einstakt. Þennan tiltekna garðahlyn fengu hjónin Guðrún Eidsdóttir og Páll Reynisson í sængurgjöf fyrir 35 árum þegar sonur þeirra Hlynur fæddist.

### Viðurkenning fyrir íbúaaðtak

Íbúar við Einiteig og Hamarsteig hafa

tekið að sér umhirðu opins græns svæðis í miklu og góðu samstarfi við Garðyrkjudeild Mosfellsbæjar. Forspraki íbúa er María Hákonardóttir sem hefur fengið aðra íbúa hverfisins með sér í þetta verkefni og öll taka þau þátt í að gróðursetja fallegar tegundir, slá gras og hirða og einnig hafa þau séð um að útrýma kerfli.

### Garður ársins í Áslandi

Garður ársins er garður Nahla Ratana Lampha í Áslandi 14 en hann er vel hirtur, fallegur og í anda Austurlanda. Greinilegt er að mikil natni fer í umsjón garðsins en þar eru bæði falleg tré og plöntur inni í garðinum og sem vísa út á gangstétt þannig að aðrir fái líka að njóta.

Auk þess fengu þrír aðrir garðar um-

hverfisviðurkenningar:

**Hagaland 5:** Garður Glicia Gomes og Jóhannesar B. Jóhannessonar. Flottur garður sem býið er að gera mikið fyrir síðustu ár.

**Hjarðarland 3:** Garður Sigrúnar Ástu Gunnlaugsdóttur og Sveins Inga Sveinssonar. Margar fallegar umbætur á síðustu sjö árum á garði sem var í niðurníðslu.

**Dalatangi 19:** Garður Fjólu Guðbjargar Ingbórsdóttur og Gunnars Hannesar Reynarssonar. Fjölbreyttur gróður og fallega uppsettur garður.

Mikil vinna og áhugi felst í því að halda svona gördum fallegum. Það getur á köflum verið krefjandi á sumrum eins og því sem er að líða, en allir garðarnir eiga það sameiginlegt að vera einstaklega fallegir með fjölbreyttar tegundir og vel hirtir.





# Ný þjónustu- og aðkomubygging íþróttamiðstöðvarinnar að Varmá



Mosfellsbær vill kanna áhuga fyrirtækja og annarra aðila til samstarfs um uppbyggingu nýrrar þjónustu- og aðkomubyggingar við íþróttamiðstöðina að Varmá. Núverandi þarfagreining gerir ráð fyrir 1.600 m<sup>2</sup> fyrir starfsemi Aftureldingar og Mosfellsbæjar en heildarstærð byggingarinnar getur orðið allt að 3.000 m<sup>2</sup>.

Markmiðið með þjónustu- og aðkomubyggingu er að bæta þjónustu á íþróttasvæðinu að Varmá og auka nýtingarmöguleika eldri mannvirkja. Byggingin skal m.a. rúma búningsklefa, félagsaðstöðu, geymslur, starfsmanna- aðstöðu auk þess að bæta aðstöðu og aðgengi fyrir alla gesti.


Þar sem möguleiki er á að byggja allt að 1.400 m<sup>2</sup> viðbótarrými vill bærinn eiga samtalið við og kanna áhuga einstaka rekstraraðila á að vera með rekstur í þeim hluta hússins.

#### Leitað er að:

- Rekstraraðilum sem eru áhugasamir um rekstur í þjónustu- og aðkomubyggingu sem samræmist skipulagslegum forsendum íþróttasvæðisins að Varmá.
- Áhugasömum samstarfsaðila til að taka þátt í uppbyggingu nýrrar þjónustu- og aðkomubyggingar.

Allar nánari upplýsingar má finna á [mos.is/varma](https://mos.is/varma)





## Bjarki sendir frá sér Gröf minninganna

Bjarki Bjarnason hefur sent frá sér nýja skáldsögu sem heitir Gröf minninganna. Í káputexta bókarinnar segir: „Í þessari sögu er horft á heiminn af sjónarhóli stúlku sem er alin upp við afar sérstakar aðstæður á 7. og 8. áratug síðustu aldar. Fátækt og rótleysi setja sterkan svip á æsku hennar, en hún tekst á við mótlæti lífsins ásamt systur sinni.

Mikilvæg hliðarsaga í bókinni fjallar um þátttöku Íslendinga í borgarastyrjöldinni á Spáni á 4. áratugnum, en sagan tekur óvænta stefnu þegar stúlkan fær stórt hlutverk í kvikmynd við upphaf íslenska kvikmyndavorsins. Á frumsýningu myndarinnar rekast veruleikinn og leikurinn harkalega saman með eftirminnilegum hætti.“

Gröf minninganna er seld í bóka-búðum, einnig er hægt að panta hana hjá höfundu gegnum netfangið [bjarnasonbjarki@gmail.com](mailto:bjarnasonbjarki@gmail.com)

**MOSFELLINGUR  
KEMUR NÆST  
ÚT 24. OKT.**

[mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)

Sögufrægt hús fær nýtt hlutverk • Eldri borgarar munu sinna öfluglu félagsstarfi í húsinu

# Félagsstarfið í Mosfellsbæ fær Brúarland til afnota

Hið sögufræga hús Brúarland hefur formlega verið afhent félagsstarfinu í Mosfellsbæ og félagi aldraðra, FaMos.

Hátíðleg athöfn fór fram þann 28. ágúst þar sem Ólafur Ingi Óskarsson formaður velferðarnefndar Mosfellsbæjar flutti ávarp og fór yfir sögu hússins. Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri, Jónas Sigurðsson formaður FaMos og Elva Björg Pálsdóttir forstöðumaður félagsstarfsins klipptu síðan á borða sem tákni um opnun hússins.

## Mikilvægt hlutverk í sögu bæjarins

Brúarland hefur ávallt haft mikilvægt hlutverk í sögu bæjarins. Tilkomu þess má rekja til Kvenfélags Lágafellssóknar sem var með það sem baráttumál að byggt yrði nýtt samkomu- og skólahús í Mosfellsveit. Tíu árum eftir að hreyft var við hugmyndinni árið 1922 var húsið tekið í notkun.



BRÚARLAND



Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri, Jónas Sigurðsson formaður FaMos og Elva Björg Pálsdóttir forstöðumaður félagsstarfsins klippa á borða í Brúarlandi við formlega opnun hússins 28. ágúst.

Brúarland þótti eitt glæsilegasta barnaskólahús í sveit á Íslandi á sínum tíma og þar var einnig símstöð og félagsheimili. Árið 1929 var byggt ofan á húsið og var það rými hugsað sem skólastofa, heimavist og skólástjóraíbúð. Brúarland var ekki eingöngu skóli heldur miðstöð samkomuhalds í sveitarfélaginu allt þar til félagsheimilið Hlégarður var vígt árið 1951.

Eftir að Varmárskóli var byggður og tekinn í notkun árið 1962 var Brúarland þó áfram notað til kennslu. Brúarland var tónlistarskóli allt til ársins 2000. Þá var Framhaldsskóli Mosfellsbæjar í húsinu frá

2009 til 2013. Frá árinu 2016 var útibú frá Varmárskóla og má segja að það hafi verið fyrstu skrefin að stofnun Helgafellsskóla sem var tekinn í notkun árið 2019.

## Endurbætur á húsinu

Unnið hefur verið að endurbótum á Brúarlandi undanfarið ár og nú er það félagsstarfið sem fær afnot af Brúarlandi fyrir starfsemi sína sem mun vonandi efla enn frekar starfið og auka fjölbreytni þess.

Áfram verður félagsstarf í Eirhömrum auk þess sem þar er veitt ýmiss þjónusta við íbúa og aðra bæjarbúa.

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN BRÚARLANDI • FRAM UNÐAN Í STARFINU



## Opið hús/menningarkvöld 14. október

Delizie Italiane tríóið.

Opið hús mánudaginn 14. október í Hlégarði klukkan 20.

Eftir frábæra skemmtun hjá okkur í janúar síðastliðnum ætla þeir félagar Leone Tinganelli, Jón Elvar Hafsteins-son og Jón Rafnsson að bjóða okkur áfram upp á ítalskt góðgæti, þar sem áhersla verður lögð á þægilega og ljúfa ítalska stemningu. Þeir voru frábærir í janúar og verða enn betri núna, grazie mille – prego. Kaffinefndin verður svo með sitt rómaða kaffihlaðborð að venju. Aðgangseyri er kr. 2.000 (posi er ekki á staðnum) Með kveðju, menningar- og skemmtinefnd FaMos

**Gaman saman safnaðarheimilinu**  
pverholti 3

19. sept., 3., 17. og 31. okt., 14. og 28. nóv. kl. 14-16.

## Gaman saman Hlaðhömrum 2

Helgi og leikskólabörnin syngja 12. og 26. sept., 10. og 24. okt., 7. og 21. nóv. og 5. des.

## Hittingur í Hlégarði

Alla þriðjudaga kl. 13-15. Kanasta spilað, almenn handavinna, billjard, skák og pokakast. Alltaf kaffi og meðlæti.

## Brúarland Háholti 3

Almenn handavinna 11-16 virka daga nema föstud. 13-16. Postulínshópur, tiffanys/mosaik hópur, brashópur, enskuhópur, listmálun og alls konar námskeið. Vertu með, alltaf kaffi á könnunni.

## Leir og gler

kennt á Hlaðhömrum 2.

**Almenn leikfimi** 10:45 og 11:15 á fimmtudögum Hlaðhömrum 2.

Kennari Karin sjúkrapjálfari Vertu með okkur í **Ringó** í íþróttahúsinu Varmá alla þriðjud. og fimmtud. kl. 12:10.

Laus pláss í **enskuhópinu** á miðvikudögum kl. 11:00.

Önninn kostar 3.000 kr.

**Málað á steina** næstu 4 fimmtudaga í Brúarlandi milli 12-15.

Allir velkomnir og kostar lítið.

## Viltu spila kínaskák??

Ætlum að kanna áhugann og finna okkur tíma til að spila í Brúarlandi. Hafðu samband.

Viltu koma að mála í hóp? Erum komin með fína málningaraðstöðu í Brúarlandi í listastofunni okkar og langar að kanna áhuga á að hafa opnar vinnustofur þar sem fólk getur komið saman og málað, hafðu samband við okkur í Brúarlandi.

Ertu með hugmynd að einhverju skemmtilegu til að gera í Brúarlandi? Endilega hafðu samband við okkur og við erum sannarlega til í að hlusta á ykkur.

Nánari upplýsingar og skráning gefur Elva eða starfsmenn í síma 586-8014/698-0090 eða á [elva@mos.is](mailto:elva@mos.is).



**Skrifstofa félagsstarfsins** er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er **Elva Björg Pálsdóttir** tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

**Skrifstofa FaMos** í Brúarlandi er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.



**FÉLAG ALDRAÐRA**  
í Mosfellsbæ og nágrenni  
[famos@famos.is](mailto:famos@famos.is)  
[www.famos.is](http://www.famos.is)

## STJÓRN FAMOS

**Jónas Sigurðsson** formaður  
s. 666 1040 [jonass@islandia.is](mailto:jonass@islandia.is)

**Jóhanna B. Magnúsdóttir** varaformaður  
s. 899 0378 [hanna@smart.is](mailto:hanna@smart.is)

**Þorsteinn Birgisson** gjaldkeri  
s. 898 8578 [thorsteinn.birgiss@gmail.com](mailto:thorsteinn.birgiss@gmail.com)

**Guðrún K. Hafsteinsdóttir** ritari  
s. 892 9112 [gunnasjana@simnet.is](mailto:gunnasjana@simnet.is)

**Ólafur Guðmundsson** meðstjórnandi  
s. 868 2566 [polarafi@gmail.com](mailto:polarafi@gmail.com)

**Ingibjörg G. Guðmundsdóttir** varamaður  
s. 894 5677 [igg@simnet.is](mailto:igg@simnet.is)

**Hrund Hjaltadóttir** varamaður  
s. 663 5675 [hrundhj@simnet.is](mailto:hrundhj@simnet.is)



# Ert þú með fyrirtæki í Mosfellsbæ?


Nú hefur gámasvæði á vegum Íslenska gámafélagsins opnað á höfuðstöðvum fyrirtækisins á Kalksléttu 1, 162 Reykjavík.

Á gámasvæðið er hægt að skila mismunandi endurvinnsluflokkum án endurgjalds. Einnig verður tekið á móti óflokkuðum úrgangi, spilliefnum, timbri og steinefnum gegn gjaldi pr/kg.

Gámasvæðið er opið á virkum dögum kl. 7:00 - 17:00



Yfirlit af gámasvæðinu



Við komu á Kalksléttu skal hringja í síma **840 5700**. Starfsmaður okkar tekur á móti og fylgir viðskiptavini á réttan losunarstað og metur hvort vigta þurfi farminn.

**Sjá nánar á [gamafelagid.is](http://gamafelagid.is)**





Flækjan tekin í notkun • Betrumbættur frísbíggjvöllur • Hjóladeildin afhenti styrk

# Glæný fjallahjólabraut formlega tekin í notkun í Ævintýragarðinum

Fjallahjólbrautin „Flækjan“ var formlega opnuð í hátíðarvikunni fyrir bæjarhátíðina. Brautin er staðsett í Ævintýragarðinum í Mosfellsbæ og hófust framkvæmdir við hana í lok apríl.

Brautin er um eins kílómetra löng og hentar bæði byrjendum og lengra komnum þar sem hægt að er velja úr mörgum mismunandi leiðum. „Flækjan“ er samstarfsverkefni Mosfellsbæjar, Heilsuefandi samfélags, Icebike Adventures og hjóladeildar Aftureldingar.

Magne Kvam frá Icebike Adventures hannaði og lagði brautina ásamt sjálfboðaliðum og Sindri Hauksson smíðaði stökkpallana í „Flækjunni“ en þess má

geta að ungrir iðkendur í hjóladeild Aftureldingar eiga heiðurinn af nafngiftinni á brautinni.

## Heilsárspallar á frísbíggjvelli

Á sama tíma var frísbíggjvöllur Mosfellsbæjar endurvígður eftir breytingar en framkvæmdir við hann hafa staðið yfir í sumar. Búið er að færa til brautir og leggja heilsárspalla þannig að nú er hægt að spila þessa fjölskylduvænu íþrótt allt árið um kring.

Við hönnun hjólbrautarinnar og endurnýjunar frísbíggjvallarins var horft til bæði nútíðar og framtíðar og haft í huga að brautin og völlurinn myndu liggja saman

en ekki skarast og einnig að mögulegt væri að stækka bæði völlinn og hjólbrautina í framtíðinni.

## Efla Mosfellsbæ sem útivistarbæ

Framkvæmdirnar í Ævintýragarðinum eru hluti af því að styrkja og efla Mosfellsbæ sem útivistarbæ og heilsuefandi samfélag.

Hjóladeild Aftureldingar og Fellahringurinn afhentu við þetta tækifæri Erlu Edvardsdóttur, formanni íþrótt- og tómstundaneftdar Mosfellsbæjar, 500.000 kr. sem safnast höfðu til að styðja við áframhaldandi uppbyggingu á fjallahjólbrautum í Mosfellsbæ.



Karlar í skúrum Mosfellsbæ

## NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

Námskeið í útskurði - Námskeið í tálgun

Námskeiðin hefjast miðvikudaginn 9. október.

Kennt einu sinni í viku á miðvikudögum frá 17:00 til 20:00 í 6 vikur, alls 18 kennslustundir. Námskeiðsgjald er kr. 25.000,- og er efni og lán á verkfærum innifalið. Konur eru velkomnar á námskeiðið.

Skráningar skulu berast í síðasta lagi miðvikudaginn 2. október. Leiðbeinendur verða Páll Steinþórsson, Guðmundur Birgir Salómons-son og Ingi S. Þórðarson.

Páll Steinþórsson tekur við skráningum á námskeiðin í síma 898-3693 eða tölvupóstfang pallst@simnet.is

Námskeiðið fer fram í húsnæði Karlar í skúrum Mosfellsbæ að Skálahlíð 7A, Litlahlíð, Mosfellsbæ.

Erum á facebook „Karlar í skúrum Mosfellsbæ“



## Tólf spor Andlegt ferðalag

Tólf sporin – Andlegt ferðalag í Mosfellsbæ í vetur.

Undirbúningsfundur fyrir starfið í vetur verður í Safnaðarheimili Lágafellssóknar að Þverholti 3, 2. október kl. 19.30.

Þrjú næstu miðvikudagskvöld verða framhalds undirbúningsfundir til frekari kynningar.

Allir eru velkomnir og ekki þarf að skrá sig.



## Nýir Mosfellingar


Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)



# VIÐ EIGUM 1 ÁRS AFMÆLI

## FRÁBÆR TILBOÐ ALLAN SEPTEMBER

### HT10



**Þyngd:** 1000kg  
**Vél:** Eins cylendra Koop Loftkældur  
**Afl:** 7,6kw/3600rpm  
**Eldsneyti:** Dísel  
**Búnaður:** Breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, glussastýrður þumall og 40cm tennt skófla

**Afmælistilboð**  
1.290.000.- án VSK  
1.599.600.- með VSK

### HT15



**Þyngd:** 1500kg  
**Vél:** Tveggja cylendra Koop Loftkældur  
**Afl:** 16,5kw/3600rpm  
**Eldsneyti:** Dísel  
**Búnaður:** Breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, glussastýrður þumall og 40cm tennt skófla

**Afmælistilboð**  
1.490.000.- án VSK  
1.847.600.- með VSK

### HT16



**Þyngd:** 1600kg  
**Vél:** Tveggja cylendra Koop loftkældur með forhitara  
**Afl:** 16,5kw/3600rpm  
**Eldsneyti:** Dísel  
**Búnaður:** Sveigjanleg bóma, Breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, 40cm tennt skófla og glussastýrður þumall

**Afmælistilboð**  
1.790.000.- án VSK  
2.219.600.- með VSK

### HT18



**Þyngd:** 1800kg  
**Vél:** Kubota D722  
**Afl:** 16,3hp/3600rpm  
**Eldsneyti:** Dísel  
**Búnaður:** Sveigjanleg bóma, breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, 40cm skófla, glussastýrður þumall, hitari í húsi

**Afmælistilboð**  
2.290.000.- án VSK  
2.839.600.- með VSK

### HT20



**Þyngd:** 2000kg  
**Vél:** Kubota D902  
**Afl:** 20,4hp/3600rpm  
**Eldsneyti:** Dísel  
**Búnaður:** Sveigjanleg bóma, breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, 40cm skófla, glussastýrður þumall, hitari í húsi

**Afmælistilboð**  
2.490.000.- án VSK  
3.087.600.- með VSK

ÞAÐ ER BETRA  
AÐ EIGA EN AÐ  
LEIGJA!

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við sölumann [arnar@ljardalur.is](mailto:arnar@ljardalur.is)  
**Forpöntunartilboð:** Greitt er 50% við staðfestingu og rest við afhendingu.  
**40% afsláttur** af aukahlutum fylgir öllum vélarkaupum  
Lista yfir aukahluti er að finna á [ljardalur.is](http://ljardalur.is)



**LJÁRDALUR**  
WWW.LJARDALUR.IS





Alfred S. Erlingsson, forseti Rótarýklúbbs Mosfellssveitar, Ellen Calmon, framkvæmdastjóri Pieta samtakanna og Þorkell Magnússon, formaður verkefnanefndar.

Geðheilsa meginþema síðasta starfsárs klúbbsins

## Rótarýklúbburinn styrkir Pieta samtökin

Á síðasta starfsári Rotary International var geðheilsa meginþema.

Síðastliðið vor kom Benedikt Þór Guðmundsson, verkefnastjóri og einn af stofnendum Pieta samtakanna, á fund Rótarýklúbbs Mosfellssveitar og hélt afar fróðlegt erindi um starfsemi samtakanna.

Pieta samtökin eru frjáls félagasamtök sem sinna forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða, sinna meðferð skjólstæðinga í sjálfsvígshættu og styðja við aðstandendur þeirra og aðstandendur þeirra sem hafa tekið eigið líf.

Pieta samtökin starfa eftir hugmynda-

fræði samnefndra samtaka á Írlandi. Samtökin njóta styrkja almennings á Íslandi og eru því í eigu þjóðarinnar og háð henni varðandi rekstrarfé.

Rótarýklúbbur Mosfellssveitar ákvað að styrkja Pieta samtökin og þann 12. september var styrkurinn afhentur. Það gerðu Alfred Svavar Erlingsson, forseti Rótarýklúbbs Mosfellssveitar, og Þorkell Magnússon, formaður verkefnanefndar. Þau Ellen Calmon, framkvæmdastjóri Pieta samtakanna og Benedikt Þór Guðmundsson veittu styrknum móttöku á starfsstöð samtakanna á Amtmannsstíg 5a í Reykjavík.



Íslenskar værdarvoðir og púðaver frá Ístex

### Andlát

## Ágúst Óskarsson

Íþróttakennari og stórkaupmaður í Mosfellsbæ, lést 30. ágúst, 75 ára gamall.



Ágúst flutti í Mosfellssveit 1968, þá 19 ára gamall, og fór að kenna nemendum Varmárskóla og Gagnfræðaskólans íþróttir í Hlégarði og sund í Varmárlaug.

Árið 1976 stofnaði Ágúst fyrirtækið Á. Óskarsson & Co sem sérhæfir sig í áhöldum og búnaði fyrir íþróttamannvirki og rak hann fyrirtækið samhliða kennslu. Árið 1983 hætti Ágúst kennslu og tók við stöðu framkvæmdastjóra íþróttamannvirkja í Mosfellssveit í nokkur ár. Að því starfi loknu snéri hann sér alfarið að rekstri fyrirtækis síns og starfaði hann þar allt fram að andláti.

Hann var í forsvari fyrir kvennaknattspyrnu Aftureldingar í allmörg ár og hlaut viðurkenningu fyrir þau störf. Hann hlaut einnig viðurkenningu á 50 ára afmæli Varmárlaugar í Mosfellsbæ.

Eiginkona Ágústar var Helga Sigurðardóttir, skrifstofustjóri f. 2.5.1960, d. 28.8.2022. Börn Ágústar eru Óskar Örn, Silja Rán og Heiðar Reyrr.

Útför Ágústar verður frá Hallgrímskirkju föstudaginn 27. september kl. 11:00.



Mosfellsbær heiðrar sex starfsmenn • Vel unnin störf

## 25 ára starfsafmæli

Á hátíðardagskrá sem haldin var í Hlégarði í tengslum við bæjarhátíðina Í túninu heima var sex starfsmönnum veittur þakklætisvottur fyrir vel unnin störf í tengslum við 25 ára starfsafmæli þeirra hjá Mosfellsbæ.

Það voru þau Hrafnhildur Svendsen kennari við Lágafellsskóla, Jón Eiríksson kennari við Lágafellsskóla, Þór Sigurþórsson byggingartæknifræðingur á skrifstofu umhverfissviðs, Þóra Ösp Magnúsdóttir

leiðbeinandi í Leikskólanum Reykjavoti, Þuríður Stefánsdóttir leikskólustjóri á leikskólanum Huldubergi og Ásta Sif Jóhannsdóttir félagsliði á búsetukjarnanum Norðurhlíð.

Á myndinni má sjá starfsmennina ásamt bærarstjóra Mosfellsbæjar: Regína Ásvaldsdóttir bærarstjóri, Þór Sigurþórsson, Hrafnhildur Svendsen, Jón Eiríksson, Þuríður Stefánsdóttir og Þóra Ösp Magnúsdóttir.

Viltu sýna list í almenningsrými?

Anddyri Lágafellslaugar nýttist vel fyrir myndlistarsýningar af ýmsum toga.

Áhugasömum sýnendum er bent á að senda póst á [astak@mos.is](mailto:astak@mos.is).



Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700



Náttúruíþróttir og hreyfing

# Íþróttavika Evrópu í Mosfellsbæ

FIMMTUDAGUR  
26. SEPTEMBER

10.30-11.30

**Styrktaræfingar** með teygjur með Gönguhópi Mosó 60+ við Hlégarð. Halldór Víglundsson, sjúkraþjálfari.

**LÝÐHEILSDAGSKRÁ  
FYRIR MOSFELLINGA Í  
FRAMHALDSSKÓLANUM  
Í MOSFELLSBÆ**

11.30 – 12.30

**Skákmót**

Eldri borgarar skora á framhaldsskólanema í skák

13.00 – 14.00

**Dettum rétt**

Fallæfingar fyrir yngri og eldri borgara. Anna Soffía Víkingsdóttir, júdóþjálfari.

19.00 – 20.00

**Spilum meira**

Halla Heimisdóttir. Ýmis borðspil, allir velkomnir.

20.00 – 21.30

**Hvernig getum við orðið ENN betri – með hugarþjálfun og næringu án öfga**

- Góð heilsa alla ævi án öfga. Geir Gunnar Markússon, næringarfræðingur.

- Hugarþjálfun fyrir unga íþróttaiðkendur. Grímur Gunnarsson, íþróttasálfræðingur.

Öll velkomin á alla viðburði

Engin skráning

Ókeypis aðgangur



23. september - mánudagur

**FJALLAHJÓLADAGUR**

Íþróttamiðstöðin að Varmá kl. 18:00-20:00. Kynning á fjallahjólmennsku og svo hjólað eftir stígum um mosfellsku alpana. Leiðbeinendur koma frá Hjóladeild Aftureldingar.



24. september - þriðjudagur

**PRAUTAHLAUP EINARS**

Íþróttamiðstöðin að Varmá kl. 17:00-19:00.

Maðurinn bakvið tjöldin Einar Pór Magnússon verður 60 ára. Af því tilefni verður boðið upp á 6 km hlaup með 10 þrautum.



25. september - miðvikudagur

**STANDBRETTI (SUP)**

Hafravatn kl. 18:00-20:00 (fjaran næst Mosfellsbæ).

Kennsla og kynning.

Leiðbeinendur koma frá GG Sport.



26. september - fimmtudagur

**UTANVEGAHLAUP**

Reykjalundur kl. 18:00-19:30 (bílaplanið við sundlaugina).

Grunnkennsla og léttur fellahringur í framhaldinu.

Leiðbeinendur koma frá Hlaupahópi Aftureldingar.



27. september - föstudagur

**FRISBÍGOLF**

Frisbígolfvöllurinn í Ævintýragarðinum kl. 18:00-20:00.

Grunnkennsla og svo spilaður 9 holu hringur í

Ævintýragarðinum.





MEÐ BARNABÖRNUNUM  
FYRIR ÚTAN HLÉGARÐ



Mynd/RaggiÓla

Póra Sigurþórsdóttir leirlistakona á Hvirfli • Nýtir hrosshár og kindahorn í listsköpun

## Póra útnefnd bæjarlistamaður

Á sérstakri hátíðardagskrá við setningu bæjarhátíðarinnar í túninu heima í Mosfellsbæ fimmtudaginn 29. ágúst var leirlistakonan Póra Sigurþórsdóttir útnefnd bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2024.

Menningar- og lýðræðisnefnd Mosfellsbæjar sér um val bæjarlistamanns ár hvert og veitti Hrafnhildur Gísladóttir formaður nefndarinnar leirlistakonunni Þóru Sigurþórsdóttur verðlaunagrip eftir listakonuna

Ingu Elínu ásamt viðurkenningarfé sem fylgir nafnbótinni.

### Framúrskarandi í leirlist

Þóra Sigurþórsdóttir stundaði nám við Myndlistarskóla Reykjavíkur og lauk prófi frá leirlistardeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1989.

Að loknu námi opnaði hún vinnustofu í Álafossvos og tók mikinn þátt í því fjöl-

skrúðuga listalífi sem blómgaðist næstu árin í kvosinni. Margir listamenn voru þar með opnar vinnustofur, tóku á móti gestum og héldu samsýningar á staðnum.

Þóra vannur jafnt nytjahluti sem skúlptúra og nýtir ásamt leir og járnri annan efni við í listsköpun sinni, til dæmis hrosshár og kindahorn.

Þóra hefur haldið fjölmargar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum bæði hér

### BÆJARLISTAMENN MOSFELLSBÆJAR



1995	Skólahljómsveit Mosfellsbæjar
1996	Leikfélag Mosfellsveitar
1997	Inga Elín Kristinsdóttir
1998	Sigrún Hjálmtýsdóttir
1999	Sigurður Þórólfsson
2000	Karlakórinn Stefnir
2001	Sigur Rós
2002	Anna Guðný Guðmundsdóttir
2003	Steinunn Marteinsdóttir
2004	Guðrún Tómasd. og Frank Ponzi
2005	Símon H. Ívarsson
2006	Jóhann Hjálmarsson
2007	Ólöf Oddgeirsdóttir
2008	Guðný Halldórsdóttir
2009	Sigurður Ingvi Snorrason
2010	Jón Kalman Stefánsson
2011	Bergsteinn Björgúlfsson
2012	Páll Helgason
2013	Ólafur Gunnarsson
2014	Kaleo
2015	Leikfélag Mosfellsveitar
2016	Greta Salóme Stefánsdóttir
2017	Davíð Þór Jónsson
2018	Steinþór Hróar Steinþórsson
2019	GDRN
2020	Óskar Einarsson
2021	Þórir Gunnarsson Listapúki
2022	Leikhópurinn Miðnætti
2023	Gildran
2024	Þóra Sigurþórsdóttir

á landi og erlendis. Hún er búsett í Mosfellsbæ og starfrækir vinnustofu að Hvirfli í Mosfellsdal.

Þóra hefur verið framúrskarandi í leirlist hér á landi síðustu áratugi og því vel að heiðrinum komin sem bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2024.

## ÚTIVISTAR- REGLURNAR\*

\*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma 1. september til 1. maí

**12 ára börn og yngri**  
mega lengst vera úti til kl. 20

**13 – 16 ára börn mega**  
lengst vera úti til kl. 22

1. maí til 1. september

**12 ára börn og yngri**  
mega lengst vera úti til kl. 22

**13 – 16 ára börn mega**  
lengst vera úti til kl. 24



Mosfellsbær

**SAMAN**  
samanhopurinn.is



Lögreglan á  
höfuðborgarsvæðinu

### FORELDRAR VERUM SAMTAKA!

Foreldrum er heimilt að stytta þennan tíma en ekki lengja. Bregða má út af reglunum þegar börn eru í fylgd með fullorðnum og börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

## ÖLL ALMENN JARÐVINNA

- Hellulagnir •
- Þökulagnir •
- Vélarvinna •

- Malbik- og steinsögun •
- Snjóbræðslulagnir •
- Grjót/steinhleðslur •
- Drenlagnir •

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA,  
HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI



781 7777

husrad@husradverktakar.is



BIRGIR  
HARALDSSON

KARL  
TÓMASSON

ÞÓRHALLUR  
ÁRNASON

SIGURGEIR  
SIGMUNDSSON

PÁLMI  
SIGURHJARTARSON

# GILDRAN

**HLÉGARÐUR  
5. OKTÓBER**

**MAGNAÐA GILDRAN SNÝR AFTUR HEIM Í HLÉGARÐ**

Eftir ótrúlega endurkomu fyrir ári síðan heldur Gildran áfram að trylla lýðinn. Tónleikar hafa verið haldnir um allt land við frábærar undirtektir þar sem þeir hafa brætt hjörtu landsmanna, nú síðast á Bræðslunni. Ljóst er að Gildran hefur aldrei verið betri.

Tónleikar í Hlégarði laugardaginn 5. október kl. 21:00. Síðast var uppselt á alla tónleika þessarar mögnuðu rokkhljómsveitar sem á rætur sínar að rekja til Mosfellsbæjar.

**MIÐASALA Á TIX.IS**

**Halldorsson**



SVIPMYNDIR FRÁ BÆJARHÁTIÐINI Í TÚNINU HEIMA SEM FRAM FÓR 29. ÁGÚST - 1. SEPTEMBER



KAFFISÆTI SAFNAÐI FYRIR KRAFT



HÁTIÐIN RÖMMUÐ INN




MÆTT Í TÍVOLI



RÆSINGIN ÆFD FYRIR TINDAHLAUPID



KRÚSERAR VID KJARNA



RISA FÓTBOLTAMÓT Á TUNGUBÖKKUM



LÍNA OG HENNAÐ AÐDÆNDUR



GUL OG GLÓÐ Í LITAGÖNGU



HAFRÚN OG ALDÍS Á SVIÐINU



EFTST EFTIR FELLAHRINGINN



VINKONUR Í TÚNINU HEIMA



FJÖR Í FLUGSKÝLINU Á TUNGUBÖKKUM



GILDRAN ROKKAR Á TORGINU





Myndir/RaggiÓla

# Takk fyrir þátttökuna Í túninu heima

Mosfellsbær þakkar öllum sem lögðu hönd á plóg við að gera Í túninu heima að bæjarhátíð sem við öll getum verið stolt af. Hátíð sem þessi endurspeglar það góða samfélag sem við búum í og tökum öll þátt í að skapa. Fjöldi viðburða var í boði sem bæjarbúar sjálfir stóðu fyrir ásamt þátttöku fyrirtækja og félagasamtaka. Það er mikilvægt að sýna hvert öðru og öðrum landsmönnum að hér sé að finna fjölbreytt mannlíf í bæ sem vex og dafnar með hverju ári.

Fyrirtækjum sem studdu hátíðina er sérstaklega þakkað fyrir gott samstarf.






SVIPMYNDIR FRÁ BÆJARHÁTIÐINI Í TÚNINU HEIMA SEM FRAM FÓR 29. ÁGÚST - 1. SEPTEMBER



TÍVOLISTEMNING



SLÖKKVISTÖÐIN BAUÐ HEIM



HUNDAHLAUP VIÐ REYKJALUND



KAFFISOPINN Í DALATANGA



SIMMI, HJALTI OG HUGI Á KJÚKLINGAFESTIVALINU



KYNDILL Á VAKTINI



LISTAÞUKINN Á VINNUSTOFUNNI



SLÆÆ, VICTOR OG EINSI



FLAMINGÓFUGLAR Á FERÐ



EYDÍS SVEIFLA



SANDRA OG ERNA HRÖNN



BREKKUSÓNGUR OG BLYS



TILBUNAR Í BREKKUNA



LÍF Í ALAFOSSKVOS



# SKÍTAMÓRALL & ÁMÓTTISÓL

MIDASALA Á TIX.IS



LAUGARDAGINN

12. OKTÓBER

Í HLÉGARÐI

TUBORG  
LÉTTEL

HLÉGARDUR  
REKLAUBHÚS





SVIPMYNDIR FRÁ BÆJARHÁTÍÐINI Í TÚNINU HEIMA SEM FRAM FÓR 29. ÁGÚST - 1. SEPTEMBER



TEXTÍL BARINN Í GULA HVERFINU



ARON CAN OG KRAKKARNIR



INGIBJÖRG OG SVEITAMARKAÐURINN  
SLOGU HELÐUR BETUR Í GEGN



SÁPUBOLTINN KOM STERKUR INN



WINGS AND WHEELS



LOPPUMARKAÐUR Í KJARNA



STUÐ Á STÓRTÓNLEIKUM



FRÍÐRIK V TÓFRADI FRAM SÚPU MEÐ MOSVERJUM



**ALLT**  
FASTEIGNASALA

Sérstniðin þjónusta til byggingaraðila

ALLT.IS - ALLT@ALLT.IS - 5605505



SVIPMYNDIR FRÁ BÆJARHÁTÍÐINI Í TÚNINU HEIMA SEM FRAM FÓR 29. ÁGÚST - 1. SEPTEMBER



HÚLLADÚLLA OG HÁMINGJA



BÍLASTÆÐAVERÐIRNIR



STÖLLURNAR SÖNGU Á SUÐURÁ



GÓÐAR MÓTTÖKUR Á SLÖKKVISTÖÐINI



GOTT VÆB Í ÁLAFOSKSVOSINNI



SÖNGIÐ OG SPILÁÐ Í BÍLAKJALLARA



KOMNIR Í MARK Í TINDAHLAUPINU



## Opinn fundur um áfangastaðinn Álafosskvos

Mosfellsbær í samstarfi við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins boðar til opins fundar í félagsheimilinu Hlégarði mánudaginn 14. október 2024 kl. 17:00 um áfangastaðinn Álafosskvos.



Markaðsstofan vann greiningu á áfangastaðnum Álafosskvos og mun kynna niðurstöður hennar.

Öll velkomin!

MARKAÐSSTOFA  
HÖFUÐBORGAR-  
SVÆÐISINS

VISIT REYKJAVÍK

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700





Listasalur Mosfellsbæjar

## Vinsamlegast gerðu uppreisn

Sýningin Vinsamlegast gerðu uppreisn (e. Please Revolt) opnaði í Listasal Mosfellsbæjar um helgina.

Hugvekjan að titlinum kom til eftir lestur greinar eftir Lóu Hjálmtýsdóttur sem ber heitið Lágkúruleg illska. Þar er að finna mikilvæga áminningu um ábyrgð okkar sem manneskjur að standa vörð um mannréttindi og vernd barna hvar í heiminum sem þau eru fædd. Eftir síðari heimsstyrjöldina hrópaði heimurinn „Aldrei aftur!“ og í gegnum tíðina höfum við oft velt því fyrir okkur hvað við hefðum gert þegar allt ofbeldi síðari heimstyrjaldarinnar reið yfir. Núna er sú staða komin upp.

En þvert á þetta vonleysi og óréttlæti má finna falleg öfl að verki í samtakamættinum

og ástinni, sem hefur fengið að blómstra á þessum myrkustu ögurstundum. Saman getum við breytt heiminum til hins betra. Við getum gert margt ef við stöndum saman gegn kúgun og órétti.

Magga Eddudóttir hefur síðustu ár unnið mikið með hugmyndir og tilfinningar sem tengjast frelsi og hefur málstaður Palestínu átt hug hennar allan undanfarið ár.

Mjúkar línur og pastel litapalletta hafa verið einkennandi í verkum hennar. Fígúru eru ýmist að vernda eða að gefa af sér og er þunn lína milli þess að vera manneskja eða aðeins tilfinning. Nýverið hefur Magga gert tilraunir með keramik í bland við textíl og frauð.

# VETRARFRÍ

## Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

**24. OKT. SVAKALEGA SÖGUSMIÐJAN -HREKKJAVÖKUSÖGUR- KL. 13-15**

Finnst þér gaman að búa til sögur, skrifa og teikna? Langar þig að búa til spennandi, myndna eða hrollvekjandi hrekkjavökusögu? Í sögusmiðjunni búum við til skemmtilegar og hrikalegar hrekkjavökupersónur, skrifum spennandi og hrollvekjandi sögur, ásamt því að teikna hryllilegar hrekkjavökumyndir. Smiðjustjórar eru Eva Rún Þorgeirsdóttir, rithöfundur og Blær Guðmundsdóttir, teiknari, barnabókahöfundur og grafískur hönnuður. Aldursviðmið: 9-12 ára. Takmörkuð pláss í boði og skráning því nauðsynleg. Skráning fer fram á [sumar.vala.is](http://sumar.vala.is)

**25. OKT. KRAKKA MACRAMÉ -REGNBOGAR OG LAUF- KL. 10-12**

Í smiðjunni lærum við að gera lauf og regnboga með macramé hnýtingaraðferðinni. Þátttakendur fá að prufa sig áfram með efnið, fá kennslu í hnýtingum og leiðbeiningar um hvernig þeir vilja að verkið líti út að lokum. Einstök leið til að vinna með höndunum og láta sköpunarflæðið njóta sín. Handavinnukunnátta ekki nauðsynleg. Smiðjustjóri er Hera Sigurðardóttir eigandi Flóðs & fjöru, hannyrðastúdíós. Aldursviðmið: 8-12 ára. Takmörkuð pláss í boði og skráning því nauðsynleg. Skráning fer fram á [sumar.vala.is](http://sumar.vala.is)

# Bangsa- Söngustund

## Í Bókasafni Mosfellsbæjar

**Miðvikudaginn 23. október kl. 16:45**

Í aðdraganda Alþjóðlega bangsadsins lesum við saman tvær bangasögur.

Sú fyrri heitir „Björn hefur sögu að segja“ eftir Philip C. Stead. Bókin er skreytt vatnslitamyndum eftir Erin E. Stead. Sagan segir frá því hvernig björninn gengur um skóginn í leit að einhverjum sem vill hlusta söguna hans áður en veturinn skellur á. Þessi fallega saga um vináttu og þolinmæði hefur hlotið fjölda verðlauna.

Síðan heyrum við stutta sögu um björninn Fergus sem elskar að fela sig. Eina er að hann er ekkert svakalega góður í því... enn sem komið er! Bókin heitir „Finndu Fergus“ og er eftir Mike Boldt.

Eftir sögustundina býðst gestum að leysa bangsáprautir, lita myndir og leita að Fergusi í bókasafninu. Þáttökuberðlaun í boði.

# Öll velkomin!



# MINNINGAR- OG STYRKTAR- TÓNLEIKAR

## Í MINNINGU JÓNS JÓNSSONAR, MOSÓ DÁÐADRENGS

Jón Jónsson eða „Lilli“ eins og hann var oft kallaður var dáðadrengrur, vinamargur og snerti líf samferðafólks síns með góðmennsku sinni og gleði en hann lést 2. ágúst eftir stutta og harða baráttu við krabbamein aðeins 42 ára að aldri. Jón bjó undanfarin ár í Danmörku ásamt fjölskyldu sinni en hann lætur eftir sig eiginkonu og fjögur börn á aldrinum 1-13 ára sem hyggjast flytja frá Danmörku á heimaslóðir hans, Mosfellsbæ, þar sem börn hans hefja skólagöngu í vetur.

Til að styðja fjölskyldu Jóns munu vinir hans og fjölskylda blása til minningartónleika sem haldnir verða í **Hlégarði miðvikudaginn 25. september.**

Fjölskylda og vinir vonast til að sjá sem flesta og eru allir velkomnir til að fagna og minnast okkar allra besta.

Allir sem koma að skipulagningu tónleikana, tónlistarfólk og aðrir sem leggja hönd á plóg gefa vinnu sína og mun allur ágóði renna óskertur til konu og barna Jóns.



### Á TÓNLEIKUNUM KOMA FRAM:

**BJÖRN JÖRUNDUR OG DANÍEL ÁGÚST Í NÝDÖNSK. VINIR JÓNS ÞEIR BJÖRN OG BJARNI Í MÍNUS, KRISTÓFER JENSSON Í LIGHTS ON THE HIGHWAY, GÚSTI BERNHARDSSON LINN, NICKY IVERSEN OG DÓRI DNA AUK VOCAL PROJECT OG KARLAKÓRS KJALNESINGA.**

*"I wish you were here"*

**Húsið opnar kl. 19:00 þar sem fólk getur komið saman og minnst Jóns yfir fiskisúpu og drykkjum á vægu verði. Tónleikarnir hefjast kl: 20 Miðaverð 5.000 kr. eða frjáls framlög. Miðarnir verða seldir við innganginn**



# Þetta mót er komið til að vera

Fyrir fjórum árum tóku Páll Örn Línadal og Golfklúbbur Mosfellsbæjar höndum saman og héldu styrktarmót í golfi, Palla Open. Öllum var velkomið að taka þátt og þáttökugjöldin runnu óskipt til styrktarmála.

Mótið sem nú er orðið að árlegum viðburði hefur vaxið mikið með árunum en á síðasta móti mættu 246 kylfingar til leiks, sem er metfjöldi.

Páll Örn er fæddur á Héraðshælinu á Blönduósi 22. maí 1967. Foreldrar hans eru Kristín Hjördís Línadal bóndi og hjúkrunarfræðingur og Eggert Egill Lárusson bóndi og verkstjóri. Eggert lést árið 2007.

Páll á fjögur systkini, Sigríði Jónu f. 1958, Soffíu f. 1964 l. 2024, Þröst Heiðar f. 1972 og Jónatan f. 1973.

## Gott að alast upp í sveitinni

„Ég ólst upp í Hjarðartungu í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu og það var gott að alast upp í sveitinni, við mikið frjálstræði. Það var alltaf mikið líf og fjör, við krakkarnir fórum í útreiðartúra og brölluðum mikið saman.

Foreldrar mínir voru fjár- og hrossabændur en þau unnu líka önnur störf utan búans. Mamma sem hjúkrunarkona á Héraðshælinu og pabbi við minka- og tófuvinnslu á vorin og í sláturhúsinu á Blönduósi á haustin.

Æskuminningarnar eru margar og flestar góðar, bestu minningarnar eru hvað maður fékk snemma að taka þátt í öllum störfum í sveitinni, maður naut mikils trausts. Líka það að fá tækifæri til að vera í svona mikilli nánd við náttúruna og kynnast af eigin raun hvað fjöllin og heiðarnar hafa upp á að bjóða í lífsbráttunni.“

## Þarna hrundi veröldin mín

„Æskuárin áttu líka sína skuggamynd sem var vel læst í huga mínum í 40 ár. Allt þar til ég komst að því að ég hefði ekki verið sá eini sem hafði lent í klóm einstaklings sem misnotaði mig, þarna hrundi veröldin mín.

Þetta gerist haustið 2021 og ég missti alveg fótanna í lífinu en með góðri hjálp fjölskyldunnar, vinnuveitanda, heilbrigðiskerfisins og lögreglunnar komst ég á lappirnar aftur. Árið 2022 lagði ég fram kærú gegn þessum einstaklingi og niðurstaðan varð sú sem ég var búinn að undirbúa mig fyrir, málið var fyrnt. Hinir sem kærðu líka fengu sömu niðurstöðu.“

## Skólaárin voru skemmtileg

Páll gekk í barnaskóla á Guðrúnarstöðum í Vatnsdal hjá Guðrínu Bjarnadóttur sem kenndi börnum á aldrinum 7-9 ára. Þaðan fór hann í Húnavallaskóla og var fyrstu árin í heimavist. Eftir að skólaakstur var tekinn upp þá þurfti að keyra um 90 km á dag. Páll ákvað því að taka 9. bekk í Þingholtsskóla í Kópavogi og bjó hjá föðurbróður sínum og fjölskyldu hans þann veturinn.



Eftir Ruth Örnólfsdóttur  
**MOSFELLINGURIN**  
ruth@mosfellingur.is

„Ég átti góðan og skemmtilegan tíma á skólaárunum og þá sérstaklega í Þingholtsskóla, þar komst ég að því að ég gæti lært og staðið mig vel í námi. Á sumrin starfaði ég við hefðbundin landbúnaðarstörf heima í Hjarðartungu.“

## Sýndum fyrir fullu húsi

„Eftir útskrift úr gagnfræðaskóla fór ég einn vetur í Fjölbrotaskólann á Sauðárkróki í járníðni. Ég tók þátt í leiklistarklúbbskólans og við settum upp leiksýninguna Umhverfis jörðina á áttatíu dögum, þar fékk ég þann mikla heiður að leika aðalhlutverkið, Phileas Fogg. Við sýndum nokkrar sýningar fyrir fullu húsi.

Leið mín lá síðan í Iðnskólann í Reykjavík þaðan sem ég lauk námi í bifvélavirkjun. Ég hef einnig lokið diploma í markaðsfræðum frá HR og verkefnastjórnun frá HÍ.“



Fjölskyldan, Páll, Rakel Ýr, Andrea Líf, Ólöf Sara, Agla Karen, Eydís Arna, Mariam, Arnar Geir og Ólafur Ingi.

## HIN HLIÐIN

**Hvaða lag kemur þér alltaf í girinn?**  
Red Red Wine með UB40.

**Ertu með húðflúr?** Nei.

**Hvað gleður þig mest?** Að eiga góðar stundir með fjölskyldu og vinum.

**Hvar lætur þú klippa þig?**  
Hjá Aristó hárstofu.

**Besta heilræði sem þú hefur fengið?**  
Að fylgja hjartanu og skila skömminni þangað sem hún á heima.

**Fallegasti staður á Íslandi?**  
Vatnsdalur í Austur-Húnavatnssýslu.

**Uppáhaldsverslun?** Bauhaus.

**Hvar sérðu þig eftir 10 ár?** Kominn á eftirlaun og að spila golf.



ÁGÚST OG PÁLL FLAGGA Á GOLFVELLINUM



SAMAN Í ALICANTE

SYSTKININ PÁLL OG SOFFÍA

## Alltaf nóg um að vera

Eiginkona Páls er Rakel Ýr Guðmundsdóttir mannauðssérfræðingur hjá Eflu. Dóttir þeirra er Andrea Líf f. 2009. Fyrir átti Páll Eydísi Örnú f. 1990 og Arnar Geir f. 2000.

„Við hjónin spilum golf, hjólum og ferðumst saman erlendis en svo er ég í skot- og stangaveiði og í félagsmálum, það er alltaf nóg um að vera,“ segir Páll aðspurður um áhugamálín.

» Það er gefandi að taka þátt í að safna fjármunum sem maður veit að koma til með að renna í góð málefni.

## Tækifæri til að vaxa í starfi

„Mín fyrsta launaða vinna var þegar ég var 12 ára en þá var ég aðstoðarmaður föður míns við minka- og refavinnslu. Alvörulaunaseðil fékk ég svo 13 ára gamall en þá vann ég við uppskipun á áburði við bryggjuna á Blönduósi. Vann síðan um haustið og næstu þrjú haust í sláturhúsinu á Blönduósi. Á þessum tíma hófst skólinn ekki fyrr en í lok september.

Ég fór síðan á samning hjá meistara mínum í bifvélavirkjun og vann aukavinnu í Stjörnuþjófi og við þríf hjá SS. Eftir útskrift úr bifvélavirkjun var hugur minn kominn annað og ég fór að starfa sem sölumaður hjá SS. Þaðan lá leiðin í eigin rekstur í nokkur ár og það var mikill skóli fyrir mig. Seldi reksturinn og fór að vinna sem sölu og markaðsstjóri hjá Vífilfelli, og sem markaðsstjóri hjá B&L og Sindra, stutt á hvorum stað.

Ég hóf svo störf hjá ESSO, síðar N1, og

þar hef ég verið í 21 ár, hef verið heppinn að fá tækifæri til að vaxa í starfi en í dag er ég rekstrarstjóri einstaklingsviðs.“

## Sælla er að gefa en þiggja

„Hugmyndin að Palla Open golfmótinu kviknaði í Covid. Mig langaði til að safna saman skemmtilegu fólki og spila golf eftir miklar samkomutakmarkanir sem fóru ekki vel í félagströll eins og mig.


Ég víðraði hugmyndina við Ágúst Jenson framkvæmdastjóra Golfklúbbs Mosfellsbæjar sem tók vel í þetta hjá mér og úr varð að sjá hvað mótið hefur vaxið og dafnað, ég átti bara alls ekki von á þessu. Það er gefandi að taka þátt í að safna fjármunum sem maður veit að koma til með að renna í góð málefni.

## Tvær flugur í einu höggi

„Fyrsta árið mættu 164 kylfingar til leiks, annað árið 198, þriðja 244 kylfingar og í ár 246. Það er búið að vera virkilega skemmtilegt að sjá hvað mótið hefur vaxið og dafnað, ég átti bara alls ekki von á þessu. Það er gefandi að taka þátt í að safna fjármunum sem maður veit að koma til með að renna í góð málefni.


Palla Open er komið til að vera, það er búið að festa sig í sessi sama hver stýrir því. Það væri samt gaman að fá tækifæri til að sjá um mótið árið 2027 og halda það 22. maí á sama degi og það byrjaði. Þá myndi maður slá tvær flugur í einu höggi og skella svo í gott afmælispartý, Pallaball í Hlégarði um kvöldið, við sjáum hvað setur,“ segir Páll og brosir er við kveðjumst.





# BESTA FUGMYND DAGSINS

DOMINO'S PIZZA | HÁHOLTI 14 | MOSFELLSBÆ







Nágrannaslagur við Fjölni • Stígandi í liðinu síðsumars

## Afturelding í umspil annað árið í röð

Afturelding vann öruggan 3-0 sigur á ÍR í lokaumferð Lengjudeildarinnar síðastliðinn laugardag.

Rúmlega 700 áhorfendur mættu á Malbikstöðina að Varmá og var mikil stemning á áhorfendasvæðinu þar sem stuðningsmenn Aftureldingar létu vel í sér heyra.

Afturelding vann fimm af síðustu sex leikjum sínum í Lengjudeildinni í sumar

og endaði í 4. sæti eftir rólega byrjun á tímabilinu. Það þýðir að Afturelding fer annað árið í röð í umspil um sæti í Bestu deildinni.

Afturelding mætir Fjölni í undanúrslitunum en fyrri leikurinn fer fram á Malbikstöðinni að Varmá í kvöld, fimmtudag, klukkan 19:15. Síðari leikurinn er síðan í Grafarvogi á mánudaginn klukkan 15:45.



## Afturelding fer á Evrópumót

Dagana 16.-19. október fer fram Evrópumótíð í hóp fimleikum árið 2024. Þetta árið verður mótið haldið í stærstu borg Aserbaídsjan sem er Bakú. Um er að ræða einn af stærri viðburðum innan fimleikahreyfingarinnar og sá stærsti innan hóp fimleikanna.

Ísland sendir á mótið tvö lið í fullorðinsflokk, kvennalið og blandað lið fullorðinna. Í unglingsflokk verða send þrjú lið, stúlknalið, drengjalið og blandað lið unglinga.

Tveir drengir sem æfa með blönduðu liði fimleikadeildar Aftureldingar komust inn í lokahóp landsliða. Guðjón Magnússon fékk sæti í blönduðu liði unglinga og Ármann Sigurhólm Larsen fékk sitt pláss í drengjaliðinu. Drengirnir þurftu að ganga í gegnum langt ferli til þess að tryggja sitt pláss á Evrópumótíð en landsliðsferlið og úrvalshópa val stendur yfir í meira en hálf ár.



Fimleikadeild Aftureldingar er stolt af árangri drengjanna og stolt af þeirri vinnu sem deildin hefur unnið með drengjunum til þess að þeir komist á þennan stað.

Það verður gaman að fylgjast með þeim á stóra sviðinu í Bakú og fylgja þeim eftir í vetur á íslensku mótunum.

Frekari upplýsingar um mótið má finna á heimasíðu fimleikasambandsins.



Blandaðar bardagaíþróttir • Hörð keppni í Danmörku

## Logi Geirsson Norðurlandameistari í MMA

Mosfellingurinn Logi Geirsson gerði sér lítið fyrir og varð Norðurlandameistari í blönduðum bardagaíþróttum (MMA), á móti sem fram fór í Danmörku 31. ágúst.

Í harðri keppni við keppendur frá öllum Norðurlöndunum stóð Logi uppi sem sigurvegari í sínum þyngdarflokk. Þetta er stór áfangi á íþróttuferli hans og sannar að hann er einn af efnilegustu MMA-keppendum landsins.

Logi keppir fyrir hönd íþróttaklúbbsins

Mjöltnis og hefur verið í hópi þeirra efnilegustu í liðinu. Aðrir keppendur Mjöltnis náðu einnig góðum árangri á mótinu.

Þetta var í fyrsta skipti sem Logi keppti í MMA og sigurinn var því sérstaklega sætur. Hann hefur áður sýnt mikla hæfileika í uppgjafarglímum og er ríkjandi Íslandsmeistari í sínum flokki.

Ljóst er að framtíð Loga í MMA er björt. Hann er ungur og efnilegur og á án efa eftir að ná enn þá lengra.



## Handboltinn rúllar af stað

Afturelding sigraði Val 2 í fyrsta leik tímabilsins í Grill 66-deildinni í handknattleik.

Afturelding, sem féll úr Ólísdeildinni í vor eftir fimm umspilsleiki við Gróttu, ætlar sér rakkleitt upp í deild þeirra bestu á nýjan leik.

Strákarnir leika í efstu deild og hafa spilað tvo leiki. Í fyrsta leik töpuðu þeir naumlega fyrir Haukum á Ásvöllum. Þá sigruðu

þeir Val með þremur mörkum í síðasta leik sem fram fór 13. september.

Á föstudaginn eiga bæði lið Aftureldingar heimaleik að Varmá og stefnir í mikla handboltaveislu.

Strákarnir hefja leik kl. 18:00 og etja kappi við KA og svo taka stelpurnar við kl. 20:00 og fá einnig norðanmenn í heimsókn úr KA/Þór.

**AFTURELDINGAR  
VÖRURNAR  
FÁST HJÁ OKKUR**



**JAKO**  
SPORT ÍSLANDI

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR

Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is



**AFTURELDING - KA  
KLUKKAN 18:00**

**OLÍS DEILD KARLA**

**AFTURELDING - KA/ÞÓR  
KLUKKAN 20:00**

**GRILL 66 DEILD KVENNA**



**TVÍHÖFÐI AÐ VARMÁ  
FÖSTUDAGINN 20.SEPTEMBER**



**TRYGGIÐ YKKUR ÁRSKORT HÉR  
AÐEINS 1.909KR.- Á MÁNUÐI**





# Til minnis - ekki gleyma að gefa af þér

Fátt hefur betri áhrif á okkar líðan og andlega og félagslega heilsu en að umgangast fjölskyldu og vini sem hafa góð áhrif á okkur. Fólk sem er styðjandi, hvetjandi, jákvætt og sýnir okkur skilning og hefur trú á okkur.

Það er merkilegt að á okkar tímum þegar tækifærin og tæknin er mikil að þá sé á sama tíma mjög mikil félagsleg einangrun. Oft er talað um að hún sé algengari hjá eldri fólki en það er svo sannarlega ekki einungis þar, heldur á öllum aldrisstigum, og sorglegt að heyra að félagsleg einangrun sé að færast niður aldrisstigann allt niður í ung börn. Þess vegna er mikilvægt að allir minni sig á það að huga vel að náunganum, hvetja aðra áfram, brosa og vera vingjarnlegur.

## Samvera skiptir máli

Gefum okkur tíma til þess að eiga margar og góðar samverustundir og hafa það gaman saman. Í Mosfellsbæ erum við með öflugt íþrótt- og tómstundastarf og nefni ég öflugt starf Aftureldingar, geggjáðan golfvöll og frábært starf þar, hestamannafélagið Hörð sem er til fyrirmyndar, frábært skátastarf og mjög öflugur björgunarsveit, Kyndil.

Já, bæjarfélagið okkar Mosfellsbær býður upp á mikið úrval af fjölbreyttri og skemmtilegri afþreyingu, svo sem sundlaugaferðir í góðu sundlaugarnar okkar, hér er fullt af góðum stíkuðum gönguleiðum á fellin okkar og nágrenni.

Það eru hjólastígar sem og góðir samgöngustígar, skemmtilegir leikvöllir og skólalóðir sem er verið að bæta í samvinnu við nemendur og starfsfólk. Það eru battavellir, kórufuboltavellir, Stekkjarflötin góða og svo Ævintýragarðurinn með allan sinn sjarma. Í vetur var líka gerður samningur við Sporid um að leggja skíðagöngubrautir hér víðsvegar um bæinn sem voru mikið notaðar enda ekki leiðinlegt að hafa skíðabraut í bakgarðinum sínum.

Félag eldri borgara er líka með mjög fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf. Maður getur hreinlega hlakkað til að eldast og fá



að taka þátt í því fjölbreytta starfi.

Það sem er alveg glænýtt og var að bætast við er fjallahjólbrautin sem kölluð er „Flækjan“. Hún var formlega opnuð á bæjarhátíðinni í túninu heima og hefur heldur betur slegið í gegn. Brautir er staðsett í Ævintýragarðinum í Mosfellsbæ.

Þessi skemmtilega tæknibraut er um eins kílómetra löng og hentar bæði byrjendum sem og lengra komnum. Þessi vinna er samstarfsverkefni Mosfellsbæjar, Heilsu-eflandi samfélags, Icebike Adventures og hjóladeildar Aftureldingar.

Magne Kvam frá Icebike Adventures hannaði og lagði brautina ásamt sjálfboðaliðum og stökkpallana smíðaði Sindri Hauksson en ungir iðkendur í hjóladeild Aftureldingar eiga heiðurinn af nafngiftinni.

Einnig var frísbílgölfvöllur Mosfellsbæjar endurvígður eftir breytingar en framkvæmdir við hann hafa staðið yfir í sumar. Búið er að færa til brautir og leggja heilsárs-palla þannig að nú er hægt að spila þessa fjölskylduvænu íþrótt allt árið um kring.

## Forvarnir, lýðheilsa og farsæld

Meirihlutinn í bæjarstjórn leggur afar mikla áherslu á hvers kyns forvarnir og lýðheilsu og teljum við að fjölbreytt afþreying í bænum okkar skili ánægju, gleði og enn betri andlegri, félagslegri og líkamlegri heilsu.

Samvera og góð samskipti eru lykillinn að farsæld auk þess sem bros og dillandi hlátur gerir svo mikið fyrir alla, alveg sama á hvaða aldri manneskjan er. Gleðin skipar nefnilega óneitanlega stóran sess í vellíðan okkar.

Það er þó mikilvægt að við hjálpumst öll að við að skapa samfélag sem byggir á góðum gildum og fallegum bæjarbrag. Láttum gott af okkur leiða til barnanna okkar, fjölskyldu, nágranna og vina og búum saman til félagslega töfra.

Halla Karen Kristjánsdóttir, formaður bæjarráðs Mosfellsbæjar

# Ekki vera píslarvottur

Þeir sem hafa verið í leiðtogastöðu eða stjórnunarstarfi um árabíl vita að stundum koma erfið mál inn á borð leiðtogans sem honum ber að taka á.

Það getur verið erfitt að taka á málum og taka óvinsælar ákvarðanir en það er engu að síður eitt af því sem leiðtogi er ráðinn til. Leiðtogar verða að þola að það sé talað um þá og að það sé ekki alltaf talað vel um þá. Leiðtogar geta líka þurft að hlusta á gagnrýni, stundum óverðskuldaða eða reidilestur starfsmanna sem illa liggur á.

Þegar leiðtoginn er vel upp lagður gengur oftast vel að tækla þannig mál. En þar sem leiðtoginn er manneskja þá getur hann verið illa sofinn eða illa fyrir kallaður af öðrum ástæðum og umburðarlyndið og þolinmæðin af skornum skammti. Stundum er auðvelt að leiða særandi hluti hjá sér og stundum ekki.

En það sem skiptir öllu máli er að leiðtogi fari ekki í hlutverk píslarvotts. Þó svo að starfsfólk eða samferðafólk geti komið illa fram þá skilar það engum árangri að erfa hlutina fyrir lífstíð og rífa endalaust upp hvað aðrir gerðu manni. Á einhverjum tímum þarf maður að ákveða að leggja hlutina að baki sér og halda áfram. Stundum er sagt að það að fyrirgefa ekki sé eins og að drekka eitruð og reikna með að einhver annar deyi. Eða að leyfa fólki að búa leigulaust í kollinum á sér.

Það þekkjast þá sennilega flestir hvernig hægt er að tala við sjálfan sig og rífa upp hversu illa hefur verið komið fram við



mann, hversu rætið fólk getur verið og hversu bágt maður eigi. Þetta er mannlegt og kannski í lagi í örfáa daga ef það hjálpar, á meðan maður er að komast yfir óþægindin. En séu liðnir margir mánuðir eða ár frá óþægilegu atviki og leiðtoginn er fastur í því sem aðrir gerðu honum þá er skynsamlegt að taka meðvitanda ákvörðun um að hætta að vera píslarvottur.

Það getur vel verið að fólk hafi komið illa fram við mann. Það getur vel verið að maður hafi verið særður og fengið óverðskuldaða eða verðskuldaða en óvægna og særandi gagnrýni en það er banvænt að hafa hugann endalaust við fortíðina. Taktu þér taki þegar þessar hugsanir skjóta upp kollinum og taktu ákvörðun um að láta þetta vera hluta af fortíðinni sem gerir þig að þeirri manneskju sem þú ert, en hindrar þig ekki í að halda áfram.

Stundum er fólk að rífa upp löngu liðna, óþægilega atburði sem varða fólk sem það er löngu hætt að hitta og ávöxturinn er fyrst og fremst sorg og vanlíðan. Það er til fólk sem hefur aldrei fyrirgefið áratugagömul atvik og valið að vera píslarvottar allt lífið af því að einhver hafði einhvern tímamunt gert þeim eitthvað. Ekki vera þannig manneskja. Veldu að fyrirgefa. Veldu að vera ekki píslarvottur. Veldu að gera óþægilegu minningarnar að fortíð en ekki samferðamanni og haltu áfram með bros á vör!

Dögg Harðardóttir Fossberg Markþjálf hjá sigur.is

# Af atvinnumálum í Mosó

Nú þegar rétt um ár er síðan gildi atvinnustefna fyrir Mosfellsbæ var samþykkt af bæjarstjórn er tilvalið að taka stöðuna á framvindu verkefna sem því tengjast.

Atvinnustefnan var tímabær fyrir okkar ört vaxandi sveitarfélag, til að skerpa á áherslum í atvinnumálum og ýta undir frekari framþróun og verðmætasköpun í sveitarfélaginu. Svo ekki sé minnst á þau auknu tækifæri og lífsgæði fyrir íbúa sem fjölbreytt og kröftugt atvinnulíf skapar.



Fleiri verkefni eru svo komin vel af stað, má þar nefna markaðsáætlun fyrir sveitarfélagið, uppfærslu á viðeigandi upplýsingum á vef bæjarins o.fl.

Þróunarverkefni á Varmásvæðinu og við Háholt 5 eru líka áhugaverð verkefni sem tala vel við atvinnustefnu bæjarins. Markmiðið þar er að kanna áhuga á samstarfi við uppbyggingu á svæðinu, sem býður upp á fjölda möguleika. Þarna er vafalaust spennandi tækifæri fyrir rétta aðila til að koma að uppbyggingu á sögufrægu svæði sem daglega iðar af mannlífi.

Á dögunum skrifuðu öflug fyrirtæki undir viljayfirlýsingu um uppbyggingu á nýjum atvinnukjarna á Korputúni, sem er mjög ánægjulegt. Korputún er vistvottaður atvinnukjarni á 15 ha svæði sem væntingar standa til að byggist upp á um 10 ára tímabili. Svæðið er vel staðsett og mun bjóða upp á mjög góðar samgöngutengingar.

Það er allra hugar að í Mosfellsbæ þrífist blómlegt atvinnulíf, með því að beita sér getur sveitarfélagið haft áhrif og stutt undir frekari vöxt og uppbyggingu.

Innleiðing á atvinnustefnunni er komin vel á veg og er nú þegar tveimur verkefnum lokið. Annars vegar er það að gera upplýsingar um framboð atvinnulóða og lóðir samkvæmt skipulagi aðgengilegar á vef bæjarins. Hins vegar er það skilgreining á uppbyggingu atvinnu- og menningar í Álafossvos í samvinnu við íbúasamtök og aðra hagsmunaaðila.

Sævar Birgisson, bæjarfulltrúi

Skrifað út frá staðsetningu

# Ritsmiðja

12. október og 19. október

Kl. 12 - 16 í Bókasafni Mosfellsbæjar

Skáldin og sviðslistakonurnar

Eva Rún og Ragnheiður

Harpa stýra ritsmiðju þar

sem þemað er að skrifa út

frá staðsetningu. Smiðjan

fer fram laugardagana 12.

október og 19. október kl. 12 -

16 í Bókasafni Mosfellsbæjar.



Í ritsmiðjunni verða gerðar tilraunir í skrifum út frá vissum staðsetningum. Þemað er Mosfellsbær og bókasöfn. Þátttakendur munu kynna fjölbreyttum hliðum skapandi skrifa og læra að nýta hin ýmsu tól úr verkfærakistu höfundarins.

Eva Rún og Ragnheiður Harpa starfa jöfnum höndum sem sviðslistakonur og rithöfundar og eru með vinnustofunni að leita leiða til að prófa áfram verkfæri úr sviðslistunum til að nýta í skrif sem enda ekki endilega í sviðslistaverki heldur bókmenntaverki.

Þátttaka er ókeypis en takmörkuð pláss í boði.

Skráning fer fram á bokasafn@mos.is

Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700



# Andlegt ferðalag

Í lífi manna gengur mismikið á en hjá flestum safnast upp með tímanum atvik og tilfinningar sem erfitt getur verið að vinna úr. Sumt er meðvitað en annað ómeðvitað og það getur verið erfitt að átta sig á því.



Ég er þarna engin undantekning og fann ég að eitthvað var ekki eins og það átti að vera. Eitthvað hafði slökknad innra með mér. Ég hélt samt áfram því ég þurfti að sjá fyrir mér og mínum! Það kom svo að því að ég varð algerlega búinn á því, gleðin var horfin úr lífi mínu og ég vissi ekki hvað ég vildi eða þurfti.

Mér fannst fólk ráðskast með mig, bæði persónulega og í vinnu. Þótt ég hefði einhverjar skoðanir stóð ég ekki á þeim heldur flaut bara með en var ekki ánægður. Ég hafði lítið sjálfálit og dæmdi mig hart ef eitthvað gekk ekki eins og ég vildi. Mér leið ekki vel, einangraði mig og sinni ekki mínum eigin þörfum. Mér fannst ég hafa misst stjórnina á lífinu.

Dag einn hitti ég vin sem greinilega tók eftir breytingu á mér og kannaðist sjálfur við ástandið. Hann fór að segja mér frá hvernig hann hafði endurskoðað líf sitt með aðferðum 12 sporanna og hvernig hann hafði náð tökum á lífi sínu á ný. Hann lýsti því hvernig það að skoða líf sitt á þennan hátt fékk hann til að koma auga á ýmislegt sem betur mátti fara. Á einum vetri hafði hann náð góðum tökum á lífi sínu á ný. Hann tileinkaði sér nýjan lífstíl þar sem

hann notar aðferðir 12 sporanna til að tækla lífið og tilveruna. Með því varð hann aftur sáttur við líf sitt, sig og sína.

Vinur minn hvatti mig til að koma með sér á sporafund hjá Vinum í bata og athuga hvort ég fyndi þar leið fyrir mig. Ég varð hissa því ég hélt að 12 sporin væru

eingöngu fyrir þá sem ættu við áfengis- eða fíkniefnavanda að stríða.

Það er skemmst frá því að segja að ég sló til og fór í 12 sporin og get nú ekki hugsað mér lífið án þeirra. Með hjálp sporanna tileinkaði ég mér nýjan lífstíl sem gerði mér kleift að ná tökum á lífinu, finna gleðina á ný og lífa í sátt við sjálfan mig og aðra.

Vinir í bata er hópur karla og kvenna á öllum aldri sem hafa tileinkað sér 12 sporin til að vinna úr sínum málum hvort sem er úr fortíð eða í nútíð.

Kynningarfundur verður í safnaðarheimili Lágafellskirkju að Þverholti 3, miðvikudaginn 5. október kl. 19.30.

Næstu þrjú miðvikudagsgöld eftir það verða opnir fundir til frekari kynningar en 26. október, kl. 19.30, er síðasta tækifærið til að slást í hópinn þennan veturinn því eftir það verður hópnum lokað og hin eiginlega 12 spora vinna hefst.

Bestu kveðjur

Vinur í bata

# Gaman saman

Dagskrá haust 2024

**19. september**

**Bogi Ágústson**

fréttamaður og fréttastjóri til margra ára

**3. október**

**Ari Trausti Guðmundsson**

Lítt þekkti nágranninn í austri

**17. október**

**Erna Sóley Gunnarsdóttir ólympíufari**

**31. október**

**Sr. Henning Emil Magnússon - Bob Dylan**

**14. nóvember:**

**Ari Guðmundsson verkfræðingur**

varnargarðarnir á Suðurnesjum

**28. nóvember**

**Jólagleði**

Annan hvern fimmtudag kl. 14 - 16


Safnaðarheimili Lágafellssóknar, Þverholti 3

lagafellskirkja.is

Næsta blað kemur

**24. OKTÓBER**

Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudaginn 21. október.



# Listamarkaður í desember

Listasalur Mosfellsbæjar kallar eftir listamönnum til að taka þátt í jólamarkaði 2024.

Markaðurinn er ætlaður öllum þeim listamönnum sem hafa áhuga á að selja list sína á sameiginlegri sýningu sem opnar þann 23. nóvember og stendur til 20. desember.



Mosfellskir listamenn eru sérstaklega hvattir til að sækja um.

Áhugasamir eru beðnir um að senda umsókn á [mos.is/listamarkadur](https://www.mos.is/listamarkadur) ásamt ljósmyndum af verkum.

Skráningu fyrir markaðinn lýkur 4. nóvember.

Mosfellsbær

[www.mos.is](https://www.mos.is)

525 6700



# Við getum gert betur

Sú staðreynd að börnin okkar séu ekki örugg – hvorki í sínu nærumhverfi eða á opinberum viðburðum er hlíðrun á þeim raunveruleika sem við höfum búið við í íslensku samfélagi.

Síðustu vikur hefur verið áþreifanleg sorg í samfélaginu og hluttekning með þeim sem eiga um sárt að binda vegna dauðsfalls ungrar stúlku sem varð fyrir hnífstunguárás á Menningarnótt í Reykjavík. Ofbeldið í samfélaginu er að aukast og við verðum að bregðast við.

Við sjáum vísbendingar í talsvert auknum fjölda tilkynninga til barnaverndar um ofbeldi og notkun vímuefna. Niðurstöður kannana benda einnig til þess að börnum og ungmönnum líði ekki vel og þau leita í auknum mæli eftir óheilbrigðum lausnum við þeirri vanlíðan.

Í kjölfar gríðarlega vel heppnaðrar bæjarhátíðar – þrátt fyrir leiðinlegt veður og skugga ofbeldis – er mikilvægt að við stöldrum við og veltum fyrir okkur hvort það þurfi að gera breytingar. Mikil hefur borið á unglingsdrykkju og vanda sem því tengist á allra síðustu árum. Í tóninu heima er ætlað að gefa bæjarbúum tækifæri til að njóta þess besta sem bæjarfélagið okkar býður upp á. Menningu, náttúru og ekki síst samveru vina, nágranna og fjölskyldna. Hátíðinni er ekki ætlað að skapa kjöraðstæður fyrir eftirlitslausa unglingsdrykkju og ofbeldishegðun.



## Aukum áherslu á forvarnir

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur veitt þessu athygli og leggur áherslu á að farið verði í markvissar forvarnaðgerðir með það að markmiði að koma í veg fyrir aukna neyslu áfengis og vímuefna í hópi barna og unglinga. Einnig að mæta umræðunni um ofbeldi og vopnaburð með fræðslu og þátttöku alls samfélagsins.

Mosfellsbær er gott samfélag og við viljum halda áfram að þróa það til framtíðar. Kjörnir fulltrúar og starfsfólk fræðslu- og velferðarsviðs, starfsfólk skóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðvarinnar Bólsins ásamt íþróttahjálfurum og öðrum hópum sem tengjast daglegri umgjörð barna hafa svo sannarlega gert sitt besta til að skapa öruggt umhverfi fyrir börnin okkar og munu halda því áfram. En nú þarf meira til. Það skiptir allt máli. Orðræðan í samfélaginu skiptir máli. Hvernig við tjáum okkur við hvert annað og um hvert annað. Að við innleiðum farsæld í okkar samfélag með þeim hætti að ekkert barn verði skilið eftir. Við höfum alla burði til þess. Við erum auðugt samfélag af svo mörgu og sérstaklega af mannaúði.

Við getum gert betur og við verðum að gera betur.

Aldis Stefánsdóttir  
Bæjarfulltrúi Framsóknar í Mosfellsbæ

# Samgöngusáttmálinn

Það voru tímamót haustið 2019 þegar sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og ríkisvaldið gerðu með sér samning um sameiginlega framtíðarsýn fyrir þróun samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Umferðarþungi á höfuðborgarsvæðinu hefur farið sívaxandi og áhrifin dyljast engum. Frá því Samgöngusáttmálinn var undirritaður hefur bílum fjölgað um 16.000 og íbúum um 21.000 á höfuðborgarsvæðinu.

## Endurskoðun sáttmálans

Margt hefur breyst frá því sáttmálinn var undirritaður í þverpólitískri sátt árið 2019. Tímabært var að endurskoða samkomulagið og til að tryggja raunhæfan tímaramma og fjármögnun hefur það verið lengt til 2040. Kostnaðartölur hafa hækkað umtalsvert enda um aukið umfang að ræða sem og vegna mikilla almennra kostnaðarhækkana.

Allar kostnaðaráætlanir hafa verið endurskoðaðar og áætlaðar framkvæmdir sem nú eru nær í tíma eru háðar minni óvissu en áður. Framkvæmdir sem lengra er í eru eðli máls samkvæmt háðar meiri óvissu og fara í ítarlegra greiningarferli. Verkefni eru umfangsmikil og munu þau verða endurskoðuð reglulega og gætt að fjármögnunar- og fjárfestingargetu

## Hvað hefur þegar verið gert?

Rétt er að halda því til haga að unnið hefur verið að framgangi samgöngusáttmálans frá undirritun hans árið 2019.

Stofnvegir: Framkvæmt hefur verið á fjórum stöðum. Fyrst skal nefna breikkun Vesturlandsvegjar frá Skarhólbraut að Hafravatnsvegi hér í Mosfellsbæ. Þá hafa verið gerðar úrbætur á Reykjanesbraut innan Hafnarfjarðar og Suðurlandsvegi innan Reykjavíkur. Framkvæmdir við Arnarnesveg eru hafnar.

Göngu- og hjólastígar: Lagðir hafa verið um 20 km af stígum frá 2019. Þá hafa þrenn undirgöng og tvær brýr fyrir gangandi og hjólandi verið byggð.

Umferðarstýring, flæði og öryggi: Þegar hefur verið fjárfest fyrir 1,6 ma króna í tækjabúnaði, úrbótum og tækniþróun ljósastýringar, bættis umferðarflæðis og öryggis.

## Borgarlína

Ítarlegt undirbúningsferli fyrir fram-

kvæmdir er langt komið. Heildstætt leiðanet Borgarlínu og stórbættar almenningsvagnþjónustu er tilbúið.

Framkvæmdir við lotu eitt hefjast á árinu. Sérstaklega ánægjulegt er að lotan sem liggja mun til okkar í Mosfellsbæ hefur verið flutt framár í tímaröðina og er nú

önnur í röðinni. Það kemur til af mikilvægi Keldnals til fjármögnunar verkefnisins sem og væntanlegrar uppbyggingar á Blika-staðalandi. Borgarlínuvagnar munu aka að mestu í sérrými á 7-10 mínútna fresti í góðri tengingu við endurbætt leiðarkerfi almenningsvagna.

Þegar nýtt leiðarkerfi Borgarlínu og almenningsvagna verður komið í rekstur verða 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins í göngufjarlægð frá stoppistöð.

## Verkefni fram undan

Flest verkefni í uppfærðum sáttmála eru þau sömu en tvö stór hafa bæst við. Annað er Sæbrautarstokkur en hann er lyklatríði vegna tengingar Sundabrautar sem er mikilvæg framkvæmd fyrir okkur Mosfellinga.

Hin framkvæmdin er jarðgöng undir Miklubraut í stað stokks. Truflun á umferð vegna jarðgangnagerðar verður mun minni á framkvæmdatíma en ef um stökk yrði að ræða og skiptir það miklu máli fyrir allt umferðarflæðið.

## 2040

Mosfellingar munu eins og aðrir íbúar á höfuðborgarsvæðinu njóta mjög góðs af þessum framkvæmdum, hvort sem um er að ræða vegafarmkvæmdir, stígagerð eða stórbættar almenningsgöngur. Enda er höfuðborgarsvæðið eitt atvinnusvæði og Mosfellingar sækja vinnu og þjónustu víða um höfuðborgarsvæðið.

Íbúar munu hafa raunverulegt frelsi til að velja þann samgöngumáta sem þeim hentar.

Samgöngusáttmálinn er í raun ekki fyrir okkur sem um hann ræðum núna árið 2024 eða förum með atkvæðisrétt um þetta samkomulag. Samgöngusáttmálinn er fyrir framtíðina, framtíðar Mosfellinga. Hann er fyrir börn og barnabörn Mosfellinga dagsins í dag.

Anna Sigríður Guðnadóttir,  
bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar

**Sjáumst í sunnudagaskólanum!**  
Í LÁGAFELLSKIRKJU KL. 13

**8. september**  
Fjölskyldumessa

**15. september**  
Gulur sunnó

**22. september**  
Sunnudagaskóli

**29. september**  
Bangsa- og dúkku sunnó

**6. október**  
Vasaljósa sunnó

**13. október**  
Bíó & popp sunnó

**20. október**  
Náttfata- og búninga sunnó

**27. október**  
Sunnudagaskóli

**3. nóvember**  
Jól í skókassa sunnó

**10. nóvember**  
Friðar sunnó

**17. nóvember**  
Sunnudagaskóli

**24. nóvember**  
Sunnudagaskóli

**1. desember kl. 13 - 15**  
JólakirkjuBRALL

**24. desember:**  
Jólastund fjölskyldunnar

Í boði eftir hvern sunnudagaskóla verða grænar gjafir, litir, föndur, djús & ávextir

lagafellskirkja.is

**Laus störf í Mosfellsbæ**

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: [www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf)

Mosfellsbær | [www.mos.is](http://www.mos.is) | 525 6700

**ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA**

**Útfararþjónusta í yfir 70 ár**

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



BLIK BISTRO

# Wine wednesday

ALLAR VÍNFLÖSKUR Á 50% AFSLÆTTI

Vinsamlegast bókið borð á [www.blikbistro.is](http://www.blikbistro.is)

BLIK BISTRO • ÆÐARHÖFÐA 36, MOSFELLSBÆ • BLIKBISTRO@BLIKBISTRO.IS • SÍMI 566 8480



Helga Dögg  
LJÓSMYNDIR  
[www.helgadogg.is](http://www.helgadogg.is)



## KIRKJUKÓRINN ÓSKAR EFTIR NÝJU SÖNGFÓLKI Í HÓPINN

Kirkjukór Lágafellskirkju auglýsir eftir söngfólki í allar raddir til að taka þátt í fjölbreyttu starfi vetrarins. Karlaraddir eru sérstaklega velkomnar og er reynsla af kórsöng æskileg en þó ekki skilyrði.

**Æfingar eru á þriðjudagskvöldum í safnaðarheimilinu kl. 19:30-21:30 og svo söngur í messum að jafnaði einu sinni í mánuði.**

Nánari upplýsingar veitir Árni Heiðar Karlsson, organisti, á netfanginu [arniheidar@lagafellskirkja.is](mailto:arniheidar@lagafellskirkja.is)

## Drög að viðbót við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Álafoss

Drög að viðbót við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Álafoss hefur verið lögð fram til kynningar næstu 6 vikurnar.

Markmiðið er að móta framtíðarsýn og stefnu fyrir verndun og uppbyggingu útivistarsvæðis í Álanesskógi sem liggur innan náttúruvættisins Álafoss. Viðbótin er unnin af fulltrúum Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar. Nánari upplýsingar er að finna á vef Umhverfisstofnunar, [ust.is](http://ust.is).

Óskað er eftir athugasemdum frá almenningi við drög að áætluninni. Aðkoma hagsmunaaðila er mikilvægur þáttur til að skapa sátt um daglegan rekstur og framtíð friðlýstra svæða.

Hægt er að skila inn ábendingum og athugasemdum á vef Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) eða með því að senda póst til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Skilafrestur athugasemda er til og með 8. október 2024.

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700





**B. Markan ehf.**  
**Pípulagnir**

660 6690

www.bmarkan.is



www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.  
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,  
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

**FJALS**

HJÁLMAR GUÐMUNDSSON  
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI  
S: 6959922  
FHSVERK@GMAIL.COM



REYNSLA - ÁRÆÐNI - VANDVIRKNI -  
KRAFTUR - ÞOR - ENDING.

örugg og vönduð vinnubrögð



**SteinTeppi.is**

Gólfefna lausnir  
fyrir heimili  
og fyrirtæki

Leirvogstunga 27, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600

**AFLTAK EHF.**

S: 660 0770 - www.aftak.is

**FÓTAADGERÐASTOFA  
MOSFELLSBÆJAR**

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



## Skólasamfélag barnanna okkar

Eitt það mikilvægasta í okkar lífi eru börnin okkar og þeirra velferð.

Við viljum öll að vegur þeirra verði sem greiðastur. Því miður er það nú ekki raunin hjá okkur flestum. Lífið færir okkur ýmis verkefni og áskoranir, í bland við góðu dagana. En þá skiptir máli hvernig við stígum inn í þau mál sem upp koma, hvernig við styðjum við barnið okkar og tölum máli þess, því við erum mikilvægustu bandamennirnir í lífi barnanna okkar.

Þegar eitthvað kemur upp á er eðlilegt að það hreyfi við okkur. Ég hef reynt af því. Fyrir tæpum 10 árum síðan var ég erfiðasta foreldrið í skóla barnanna minna. Ástæðan var sú að eitt barnið mitt átti erftitt uppráttar félagslega, það varð undir í félagslegum samskiptum og skólinn greip það heldur seint að mínu mati. Ég breyttist í manneskju sem ég vissi ekki að ég gæti orðið. Ég þorði ekki að segja suma hluti, sagði hluti sem mig langaði að segja og sagði hluti sem ég hefði betur látið ósagða.

### En hvað lærði ég?

Ég lærði að það er allt í lagi að vera ósáttur og gera athugasemdir. En maður þarf að gera það á réttum stöðum. Samfélagsmiðlar og opinber umræða er ekki staðurinn. Allt sem við setjum á samfélagsmiðla verður þar um ókomin ár, áminning þess hvernig okkur leið á tilteknum tíma.

Ef við veljum þá leið að ræða persónuleg mál barna okkar á opinberum vettvangi þarf að vanda sig, því barnið kemur til með að lesa orð okkar þegar það fær aldur og þroska til. Við þurfum líka að vanda okkur hvernig við tölum um annarra manna börn. Við vitum ekki hver staða þeirra er. Ég hef lært að það er ástæða fyrir



allri hegðun. Ég hef líka lært það að það vaknar enginn að morgni og ákveður að vera vondur við alla í dag. Aftur, fyrir allri hegðun er ástæða. Barnið getur verið svefnlaust, svangt, illt í maganum eða sálinni eða hvoru tveggja.

Ég lærði líka að ég sem foreldri er mikilvægur hlekkur í keðjunni. Ég þarf að anda djúpt, hlusta, meðtaka og vera

tilbúin í samtalið. Ég stend ávallt með barninu mínu en þarf líka að vanda mig við að standa með þeirri lausn sem er verið að vinna með hverju sinni. Ég lærði líka að það er allt í lagi að fá hjálp, til dæmis með því að fá þriðja aðila að borðinu.

Einn mikilvægasti lærdómurinn af okkar máli var sá að allir starfsmenn skólans vildu allt fyrir mitt barn og okkur foreldrana gera. Við sáum það ekki endilega í auga stormsins en vitum af því í dag. Þið eigið ævarandi þakkir skilið. Þið vitið hver þið eruð.

### Verum þakktur af lausninni

Það þarf heilt þorp til að ala upp barn og þar erum við foreldrar mikilvægustu bandamennirnir. Við verðum að vera hluti af samtalinu. Við þurfum að leggja okkar af mörkum til að vinna með mál barna okkar. Við þurfum að vera tilbúin að hlusta á mismunandi sjónarmið með opnum huga.

Við megum líka vera meðvituð um það að við erum ekki ráðin sem skemmtikraftar í foreldrahlutverkinu. Stundum er það okkar hlutverk að segja nei og veita leiðbeiningar, sem misvel er tekið í.

Dagný Kristinsdóttir,  
Móðir og bæjarfulltrúi Vina Mosfellsbæjar.

## Brúarland gengur í endurnýjun lífdaga

Brúarland er samofið sögu Mosfells-sveitar og síðar Mosfellsbæjar í nærfellt 100 ár. Bygging þess hófst árið 1922 og lauk árið 1929. Brúarland er byggt eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar.

Byggingin hefur hýst margt konar starfsemi í gegnum áratugin. Þar var starfrækt símstöð og pósthús og þar hafa félagsamtök og kórar haft aðstöðu á ýmsum tímum. Brúarland var menningarhús og þingstaður sveitarinnar þar til hvoru tveggja var flutt í Hlégarð árið 1951.

Og ekki má gleyma því að í Brúarlandi voru höfuðstöðvar breska setulífsins í upphafi fyrri heimsstyrjaldar. En hlutverk hússins sem skólahús er líklega það sem fyrst kemur upp í hugann þegar Brúarland ber á góma. Síðustu árin hefur það staðið autt en unnið að ýmsum endurbótum og viðhaldi.

### Félagsstarf eldri borgara

Það mun hafa verið fyrir 15 árum síðan að Félag aldraðra í Mosfellsbæ falaðist fyrst eftir því að fá Brúarland til afnota undir félagsstarf. Af því varð ekki þá og húsið nýtt undir nýstofnaðan Framhaldsskóla í Mosfellsbæ og síðan nýstofnaðan Helgafellsskóla. En hugmyndin um félagsstarf í Brúarlandi var komin á flot.

Mosfellsbær er hratt stækkandi sveitarfélag og fólki á öllum aldri fjölgar, líka eldri borgurum. Hressum og kátum. Við vitum að maður er manns gaman og mikilvægt er að vinna gegn félagslegri einangrun fólks og efla það til þátttöku.

Sumarið 2023 ákvað bæjarstjórn að opna Hlégarð á þriðjudögum undir félagsstarf aldraðra. Skemmst er frá því að segja að sú ákvörðun sló



í gegn. Þátttakendur steymdu að og mjög margt fólk mætti sem ekki hafði áður nýtt sér tilboð félagsstarfsins á Eirhömrum.

Sumarið 2023 var farið að skoða hvernig félagsstarfi aldraðra væri best fyrir komið og hvaða þarfir væru fyrir hendi sem þyrfti að uppfylla. Velferðarnefnd ákvað þann 31. október 2023 að fela Velferðarsviðið að vinna að tillögum um hvernig aðstöðu til félagsstarfs aldraðra yrði best fyrir komið. Undir árslok það ár var orðið ljóst að sú lausn sem unnið hafði verið með að stækka aðstöðu undir félagsstarfið í samstarfi við EIR myndi ekki ganga eftir.

Fljótlega kom sú hugmynd fram að kanna fýsileika þess að taka Brúarland undir starfsemi félagsstarfsins. Hafist var handa við að skoða hversu vel Brúarland hentaði fyrir félagsstarfið ásamt því að rætt var við forsvarsfólk félagsstarfsins um vilja félagsstarfsins til þess að flytja meginhluta sinnar starfsemi í Brúarland. Félag aldraðra var einnig inni í þessu samtali.

Í stuttu máli hefur þessi vegferð sem hrunðið var af stað með samþykkt Velferðarnefndar haustið 2023 leitt til þess að þann 28. ágúst síðastliðinn var þetta sögufræga og merka hús afhent Félagsstarfi aldraðra í Mosfellsbæ til afnota. Félagsstarfið er þá til húsa á þremur stöðum, í Eirhömrum, Hlégarði og núna líka í Brúarlandi. Það er verulegt tilhlökkunarefni að fylgjast með starfseminni blómstra á öllum þessum stöðum.

Ólafur Ingi Óskarsson  
formaður Velferðarnefndar og  
varabæjarfulltrúi Samfylkingarinnar

**MÁLARAMEISTARI**  
getur bætt við sig verkefnum  
**SÍMI: 6603830**





Fjárréttir á Hraðastöðum í Mosfellsdal • Fé heimt af fjalli

# Réttardagurinn haldinn hátíðlegur



Myndir/RaggiÓla

## ÁSKORUN BÓLSINS TIL ALLRA MOSFELLINGA

# VERUM GÓÐ VIÐ HVORT ANNAÐ

Dagskrá Bólsins má finna inn á instagram @bolid270  
og á facebook.com/bolid270



## HEILSUMOLAR GAUA



### SJÁLFBODALIÐAR

Ég hef verið sjálfbodaliði síðan ég var gutti. Fannst það eðlilegur hluti af tilverunni að hjálpa til í kringum fótboltann hjá Þrótti þar sem ég tók mín fyrstu sjálfbodaliðaskref. Sjálfbodaliðastarf er risastór hluti af íslensku samfélagi. Viðbragðsaðilar Almanna- og Bjórgunarsveitir eru að stórum hluta sjálfbodaliðar. Björgunarsveitir eru þar í aðalhlutverki en hlutverk sjálfbodaliða Rauða krossins er sömuleiðis mjög mikilvægt. Íþróttir á Íslandi byggja á sjálfbodaliðum. Það eru engin Manchester City eða Nottingham Forest hér. Það á enginn íþróttalið á Íslandi. Við eigum þau saman, samfélagið. Sjálfbodaliðar mynda stjórnir, taka ákvarðanir og fá aðra með sér í að halda mót og fjárafla. Halda starfinu gangandi. Gera börnunum okkar mögulegt að æfa hjá sínu félagi.

Sumir sjálfbodaliðar eru áberandi í samfélaginu. Drifkraftar sem brenna fyrir félaginu sínu, björgunarsveitinni sinni, íþróttinni sinni. Þessir drifkraftar eru mjög mikilvægir. Stundum of mikilvægir. Við treystum svo mikið á frumkvæði þeirra og getu þeirra til að leiða verkefni að við förum að treysta of mikið á þau. Hanna græjar þetta, engar áhyggjur. Þessir drifkraftar stoppa aldrei, en við hin þurfum að passa upp á þau, taka af þeim álagið og dreifa ábyrgðinni.

Aðrir sjálfbodaliðar eru minna sýnilegir en jafn mikilvægir. Sjálfbodaliðar Rauða krossins sem opna fjöldahjálparstöðvar og sinna sálrænum stuðningi og áfallahjálpu eru minna sýnilegir en sjálfbodaliðar í leitar- og björgunarstörfum úti á vettvangi, en jafn mikilvægir. Einar Þór, vinur minn, sem verður 60 ára á þriðjudaginn er jafn mikilvægur Hönnu sinni, þótt hann sé ekki eins sýnilegur í samfélaginu. Einar er bóngóður, úrræðagóður, traustur vinur og félagi. Alltaf tilbúinn til að hjálpa til og finna lausnir á verkefnum og áskorunum. Ég hvet alla Einarsvini til að koma með okkur í Þrautahlaup Einars á þriðjudaginn til að heiðra manninn bak við tjöldin og sýna í verki að allt sem hann hefur gert fyrir Mosó skiptir okkur miklu máli!

Guðjón Svansson  
gudjon@kettlebells.is



# GLÆPA FÁR

## Á ÍSLANDI Í 25 ÁR



## GLÆPASPJALL

### Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

15. OKTÓBER KL. 20

Katrín Jakobsdóttir leiðir spjall við glæpasagnahöfundana Ragnar Jónasson og Yrsu Sigurðardóttur undir yfirskriftinni „Er eitthvað nýtt að fréttu af íslenskum glæpasögum?“ Þá munu þau spjalla um nýjar bækur Ragnars og Yrsu og væntanlega sjónvarpsþætti byggða á bókum þeirra.

Viðburðurinn er haldinn í tengslum við 25 ára afmæli Hins íslenska glæpafélags.

Öll velkomin!



Nánari upplýsingar og viðburðadagskrá á Facebooksíðu félagsins



Vegna mikillar sölu leitum við að **öllum gerðum eigna** í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við **Jón Rafn** í síma 695 5520 eða með tölvupósti [jon@miklaborg.is](mailto:jon@miklaborg.is) eða við **Óskar** í síma 691 2312 eða með tölvupósti [osa@miklaborg.is](mailto:osa@miklaborg.is)

Bókið skoðun og fáið frítt verðmat


Jón Rafn Valdimarsson  
lög. fasteignasali  
Sími: 695 5520  
[jon@miklaborg.is](mailto:jon@miklaborg.is)



Jón & Óskar



Óskar S. Axelsson  
lög. fasteignasali  
Sími: 691 2312  
[osa@miklaborg.is](mailto:osa@miklaborg.is)



MIKLABORG

Með þér alla leið

569 7000 | Lágmúla 4 | [miklaborg.is](http://miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



Stöðuuppfærslur

in your face



Regina Ásvaldsdóttir Málafni

Helgafellsskóla eru mikið í umræðunni þessa dagana vegna foreldra sem eru ósáttir við skólayfirvöld vegna málefna barna sinna.

Helgafellsskóli er vinnustaður fleiri hundruð barna og ungmenna og um 100 kennara og annarra starfsmanna. Starfsfólk er bundið trúnaði og getur ekki svarað fyrir einstaka mál. Ég ber fullt traust til fræðslu og frístundasviðs, skólastjóra skólans, kennara og okkar helstu sérfræðinga sem hafa verið að vinna í þessum málum. En eins og Rósa skólastjóri segir í viðtali á Vísi í dag þá getum við alltaf gert betur og það er ótrúlega sárt að vita af börnum sem líður illa í skólanum og það eru verkefni okkar allra að vinna saman að farsælli lausn. Málin verða hinsvegar ekki leyst á samfélagsmiðlunum né í fjölmiðlum.

16. sept



Jón Sverrir Jónsson Til góðs vinar Bernhards

Linn: Þegar við Benni vorum 12 ára fyrir 70 árum, lánaði hann mér bók sem hét „Síðasti bærinn í dalnum.“ Þegar ég skilaði bókinni til baka hjólaði ég með hana úr Varmadal niður í Ullarnes í rigningu og ekki var bögglaberi á hjólinu. Ég stakk þá bara horninu á bókinni upp í mig og beit fast í. Það komu tannaför mín í horn bókarinnar vegna þess að bókakápan blotnaði og þau eru þar enn. Benni sýnir mér alltaf bókina þegar ég kem til hans og er það sönnun þess að ég skilaði bókinni, tannaförin gefa það sama og undirskrift eða kvittun á skilum bókarinnar. Skýr eftir 70 ár.

Heill þér minn kærri vinur, fermingarbróðir og sameignarmaður úr Hengli sf. í Áraradóir Sverrir í Varmadal

19. júlí



facebook

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



ÖRYGGISGIRÐINGAR - VERKTAKA - JARÐVEGSSKRÚFUR  
BUGÐUFLJÓT 15J - 270 MOSFELLSBÆR  
SÍMI 546-6667 - GIRDIR@GIRDIR.IS  
WWW.GIRDIR.IS

## GARÐMENN

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788



LJÁRDALUR  
WWW.LJAR DALUR.IS

## OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA

Lágafellslaug

Virkir dagar: 6:30 - 22:00

Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaus

Virkir dagar: 6:30-08:00 og 15:00-21.30

Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00

## BRA BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AÐDUNS

Frí Tjónaskoðun

GÆDAVOTTAD VERKSTÆÐI

Auðbrekku 27. Kópavogi

www.bilasprautun.is

554 2510



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Mosfellsbæ



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna  
Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

## GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

# VGH Mosfellsbæ

VERKTAKI SÍÐAN 1968

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

896-9443 896-2279



## HEYST HEFUR...

...að Katrín Jakobsdóttir ásamt glæpasagnahöfundunum Ragnari og Yrsu verði í bókasafninu 15. október.

...að Maggi.net og Anna eigi von á sínu þriðja barni á nýju ári.

...að Þorgeir Leó og Erla María Tölgys séu nýjasta parið í Mosó.

...að mosfellska hljómsveitin Gildran verði með tónleika í Hlégarði laugardagskvöldið 5. október.

...að Einar hennar Hönnu Símvörðu verði sextugur á þriðjudaginn og haldið verði þrautahlaup honum til heiðurs.

...að nýi útivistarlungur Dalbúa sem staðsettur er fyrir neðan Mosfellskirkju sé búinn að fá nafnið Balinn.

...að Kaffisæti hafi safnað 200 þúsund krónum fyrir Kraft með kaffisölu í túninu heima.

...að Ása María og Hákon Orri eigi von á barni.

...að hefndaráform hafi verið fyrirhuguð á bæjarhátíðinni í Mosó eftir atburði menningarnætur.

...að fyrsti meistaraflokksleikur Aftureldingar í körfu verði leikinn að Varmá á sunnudaginn kl. 15.

...að málefni Helgafellsskóla séu mikið í umræðunni þessa dagana þar sem foreldrar eru ósáttir við skólafyrirvið.

...að Jökull markvörður og Thelma hafi eignast litla stelpu fyrir í mánuðinum.

...að bók um Dunu í Melkoti komi út í haust

...að handboltamaskínan og klipparinn Gunnir Mall sé búinn að leggja skóna á hilluna.

...að Nína Huld og Sumarliði hafi eignast stelpu um helgina á afmælisdegi ömmu Helgu.

...að Undraland sé til sölu á 100 milljónir.

...að Beta í Varmadal sé orðin amma.

...að Stormsveitin sé að fara halda tónleikaröð um sveitir landsins í haust og hefji leik í Hlégarði 3. okt.

...að það hafi verið alvöru eltingaleikur löggunnar um götur og stíga bæjarins um síðustu helgi.

...að Skítamóráll og Á móti sóli haldi uppi stuðinu á sveitaballi í Hlégarði laugardaginn 12. október.

...að Friðgeir Óli sé þriðugur í dag.

...að Mosfellingarnir í Dúos séu komin með útibú í Hafnarfirði.

...að árleg hrútasýning í Kjösinni fari fram fimmtudaginn 10. október.

...að umspilið um laust sæti í Bestu deildinni hefjist í dag á Malbikstöðinni kl. 19:15.

...að Pétur hennar Ruthar hafi átt stórafmæli á laugardaginn.

...að bæði meistaraflokkslið Aftureldingar í handbolta eigi heimaleik við KA á föstudaginn, kl. 18 og 20.

mosfellingur@mosfellingur.is

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Ástrós Birta Valsdóttir fæddist á Akranesi þann 18. júní kl. 13:53. 13 merkur/3.246 g og 49 sentimetrar. Foreldrar eru Birna Einarsdóttir og Valur Þorsteinsson. Bræður hennar heita Natan Leó og Maron Kári.



Breki Max Elvarsson kom í heiminn 11. ágúst. Hann vó 3.590 g og var 49 cm. Foreldrar hans heita Hanna Lilja Egilsdóttir og Elvar Sigurðsson. Systini hans heita Kári Steinn og Sjöfn Halla.



Þorsteinn Jakob fæddist á happadeginum 08.08.2024 (happadagur skv. Siggu Kling) fæddur á Landspítala. Foreldrar Páll Jökull Þorsteinsson og Agata Jakobsdóttir.

## Í eldhúsinu

HJÁ THELMU LIND

### Graskerssúpa fyrir hrekkjavökuna

Thelma Lind Reynisdóttir deilir með okkur uppskrift að graskerssúpu með stökkum salviublöðum og Amaretti smákökumolum. Tilvalið fyrir hrekkjavökuna fram undan.

#### Aðferð:

Búið fyrst til amaretti-blönduna. Brjótið amaretti-smákökurnar gróft niður og blandið þeim saman við möndlurnar og kanilinn. Bræðið smjörinu í litlum potti og snöggsteikið amaretti-blönduna þar til hún er orðin gullbrún. Látið standa þangað til hún kólnar.

Forhitið ofninn í 200°C. Afhýðið graskerið og takið fráen úr með skeið. Skerið í sneiðar. Úðið 1 matskeið af ólífuolíu yfir og bakið í ofni í 30 til 40 mínútur, eða þar til graskerið er bakað í gegn.

Saxið laukinn og hvítlaukinn. Hitið 2 matskeiðar af ólífuolíu í stórum potti og snöggsteikið laukinn og hvítlaukinn þar til þeir eru orðnir mjúkir. Skerið graskerskjötið niður í teninga og bætið þeim út í pottinn ásamt kardimommubelgjunum. Hellið grænmetissoðinu út í og látið malla varlega þar til grænmetið er orðið mjúkt.

Ausið súpunni í blandara. Bætið appelsínuberkinum saman við og blandið saman þar til súpan er alveg mjúk og kekkjalaus. Kryddið að eigin smekk og haldið heitu. Hitið síðustu matskeiðina af ólífuolíu í litlum potti og steikið salviulaufin þar til þau verða stökk. Þurrkið á eldhúsrúllappir. Ausið súpunni í skálar og stráið amaretti-blöndunni ofan á.

Skreytið með nokkrum stökkum salviulaufum.

#### Hráefni: (fyrir 4)

- 750 g grasker
- 4 msk ólífuolíu
- 1 rauður laukur
- 2 hvítlauksrif
- ½ tsk rifnir kardimommufæbelgir
- 500 ml grænmetissoð
- rifnið ysta lag barkar af 1 appelsínu
- handfylli af salviublöðum
- salt og svartur pipar

#### Blanda með amaretti-smákökumolum:

- 40 g stökkar amaretti-smákökur
- 50 g muldar möndlur
- ¼ tsk kanilduft
- 20 g smjör

Thelma Lind skorar á Söru Gunnarsdóttur að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi

# HELGÓ BEST!

„Helgafellsskóli, sem opnaði dyr sínar árið 2017, er glæsilegt og nútímalegt menntasetur í Helgafellshverfi í Mosfellsbæ.

Það sem gerir Helgafellsskóla sérstakan er hvernig hann hefur tekist á við þær áskoranir sem fylgja ört vaxandi hverfi, þar sem börnum fjölga hratt og þörf er á sveigjanlegu og skapandi skólakerfi.

Skólabyggingin er bæði nútímaleg og notendavæn, með björtum og opnum rýmum sem skapa góðar aðstæður fyrir nemendur og kennara til að vinna saman. Skólinn er byggður með það að markmiði að stuðla að samstarfi og félagslegum tengslum, og það er gert með fjölbreyttum hópverkefnum og opnum vinnusvæðum sem hvetja til virkrar þátttöku nemenda.

Helgafellsskóli leggur áherslu á fjölbreyttar kennsluáferðir sem taka mið af þörfum hvers og eins. Kennarar vinna með nemendum til að efla sjálfstæði þeirra og ábyrgð, og nýta til þess bæði hefðbundnar og nýstárlegar aðferðir. Skólinn er staðsettur nálægt náttúruperlunni Helgafelli, sem býður upp á einstaka útivistarmöguleika og náttúraskoðun.“

## SVONA LÝSIR GERVIGREIND CHAT GPT SKÓLANUM OKKAR.

Okkur finnst mjög leiðinlegt að heyra alla þessa neikvæðu hluti um skólann okkar í fjölmörgum vegna þess að okkur finnst þetta frábær skóli.

Það er mjög gaman hvað við erum að vinna fjölbreytta vinnu og fást við mörg verkefni. Í Helgafellsskóla erum við mikið að gera verkefleg og samþætta verkefni sem heita SPLÆS.

Núna erum við í splæsi sem heitir Ólympíuleikarnir og þá erum við búin að vinna mikið með Ólympíuleikana og gera verkefni um þá. Við fórum meðal annars út á Reykjalundartún og kepptum í okkar eigin Ólympíuleikum og svo erum við að gera hlaðvarp og margt fleira.

Helgó best!



ÓLÖF OG ALEXÍA



## LJUFFENGAR KÖKUR Í MOSFELLSBAKARÍ

HÁHOLT 13-15

HÁALEITISBRAUT 58-60

MOSFELLSBAKARI.IS



Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



Kassagítarar og  
hljómborð á tilboði



Mikið úrval  
Verð við allra hæfi

SKEMMTANIR



Hljómsveitin ÚLTRA

Hljómsveit: A. Kröyer/dúett

Tek að mér að spila í einka-  
samkvæmum, brúðkaupum,  
árshátíðum, afmælum og fl.

Er með hljómborð sem virkar  
eins og hljómsveit.

Get líka verið með fjöldsöng  
og nota þá kassagítar.

Eins er ég með dinnertónlist.

Söngkona Ann Andreasen.

Verð við allra hæfi.

Anton - antonben@simnet.is  
gitarinn@gitarinn.is

Símar: 895 9376 - 552 2125

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



ARI ODDSSON EHF  
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA

FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is  
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

www.arioddsson.is



Ökukennsla Lárusar

Gsm 7775200 akamos@simnet.is

Vespu-, bifhjóla- og bílpróf

Annast akstursmat og sé um hæfnispróf fyrir þá sem hafa gleymt að endurnýja.



Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd  
HEILSUEFLING  
MOSFELLSBÆJAR

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080

BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM

TIMBURGRINDARHÚS

KROSSLÍMDAR EININGAR

SVALALOKANIR

GLUGGAR OG HURÐIR



EININGAR EHF

WWW.EININGAR.IS

Sími: 565 1560 einingar@einingar.is

Bílapartar ehf  
Notaðir TOYOTA varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ  
www.bilapartar.is

GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar

GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki

Öll almenn vörubíla- og kranapjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttupjónusta og fl.

BJ VERK ehf.

Björn s: 892-3042



WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS



VILTU  
SELJA?

588 55 30  
WWW.BERG.IS

Ökukennsla  
HREIÐARS  
8201616

ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar  
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSING  
Í MOSFELLINGI  
KR. 7.000 + vsk.\*

nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm

\*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is



MALBIKSTÖÐIN



NÆSTI  
MOSFELLINGUR  
KEMUR ÚT

24. OKT.

Blaðinu er dreift fritt  
í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auglýsinga er til  
hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is




# SPURNING TIL BÆJARBUA

Ís. Robbi og Breki spyrja:

Hvenær misstir þú sveindóminn/meydóminn?



**VÍKINGUR:**  
17 ára.



**FANNEY:**  
15 ára.




**HALLDÓR:**  
14 ára.



**RODNY:**  
Enda hreinn sveinn.



**RÓBERT:**  
15 ára.



**EYPÓR:**  
Hreinn sveinn.



Úti á túni



Mamma í heimsókn



Feðgarnir ekki af baki dottnir



Tónleikar á torginu



Skifupeytarar í Hlégarði



Tjúttífrúttí



Veislustýrurnar



Grimsby feðgarnir

## HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Mættir til að skoða fornbilana



Kúrekararnir í Laxnesi



Kjúllarnir klárir



Laddarnir baksvíðs



Íslandsmeistarar í Fjallabruni



15 ára afmæli Sprey fagnað



Afmælisskvísur



**PÓRI Í LAXNESI (80)**

**FAGNAÐI STÓRAFMEILI MEÐ VEISLU**



Mætt á veðurbarinn



Tilbúin í brekkusöng



Við á Sprey Hárstofu  
elskum það sem við gerum,  
við erum fagmenn!

Hárstofan  
**Sprey**

Hægt er að panta tíma á  
Sprey.is eða í síma 5176677  
Mosfellsbæ og Garðabæ.





## ÖLL ALMENN MÚRVINNA

- Múr- og sprunguviðgerðir •
- Steypuslípun •
- Inndælingar •
- Filtering/Pússun •
- Flotun •
- Hleðslur •
- Flísalagnir •

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA,  
HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI



☎ 781 7777

[husrad@husradverktakar.is](mailto:husrad@husradverktakar.is)



# ALLT

## FASTEIGNASALA

[www.allt.is](http://www.allt.is) • [allt@allt.is](mailto:allt@allt.is) • 560-5505  
Þverholt 2 • Mosfellsbær





## SÁPUBOLTI BÓLSINS

Félagsmiðstöðin Bólið stóð fyrir skemmtilegum sápubolta við Hlégarð í upphafi bæjarhátíðar. Skemmtileg tilprif litu dagsins ljós á hálum vellinum. Hér má sjá bleikar vinkonur fyrir keppni.

Mynd/RaggiÓla

Sæktu  
Landsbanka-  
appið



App Store Google Play

Demantaföndur  
í miklu úrvali



MÚLALUNDUR

Vinnustofa SÍBS

Víð Reykjalund, Mosfellsbæ  
www.mulalundur.is

## MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



Pétur Pétursson  
löggtur  
fasteignasali  
897-0047



Brynjólfur Jónsson  
löggtur  
fasteignasali  
898-9791

Þjónusta við  
Mosfellinga í 35 ár

Háholt 14, 2. hæð

588 55 30



### Meðalfellsvegur 1



Sumarhús í nágrenni Meðalfellsvatns í Kjós. Stór afgirt lóð. Mikill gróður. Húsið þarfnast viðhalds. Fallegt útsýni.

Verð: 34 m.



### Sólvellir 2

Sólvellir á Breiðdalsvík. Fallegt 77 fm einbýli, mikið endurnýjað og í góðu viðhaldi. Nýtt gler og gluggar, nýtt baðherbergi, 3 svefnherbergi. 57 fm geymsluhús fylgir eigninni.

Verð: 27 m.

### Suðurhlíð 38



Suðurhlíð, 105 Reykjavík. Falleg neðri sérhæð. Mjög góð staðsetning. Stæði í bílahúsi. Vönduð gólfefni og innréttingar. Góð aðkoma.

Verð: 119,5 m.



### Desjamýri 7

Desjamýri, 42 fm húsnaði með mjög góða aðkomu. Góð vinduhurð og malbikað plan. Mikil lofthæð og mikið hillupláss. Aðgengi að þvottaaðstöðu og snyrtingu á svæðinu. Afgirt vöktuð lóð. Getur losnað fljótlega.

Verð: 23 m.